



Ytra mat

Leikskólinn Hulduheimar

Selfossi

Úttekt þessi er unnin á vegum Menntamálastofnunar –
fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Höfundar: Kolbrún Vigfúsdóttir og Sigrún Einarsdóttir
© Menntamálastofnun, 2022
ISBN 978-9979-0-2758-4

Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna	5
Inngangur	7
Markmið og tilgangur	7
Gagnaöflun	7
Leikskólinn og umhverfi hans	9
Húsnæði og útileiksvæði	9
Starfsfólk	9
Hugmyndafræði og áherslur	10
Stjórnun	11
Stjórnskipulag og skipurit	11
Námskrá og áætlanir	11
Stjórnun og starfsfólk	11
Fagleg forysta	13
Starfsandi og starfsánægja	14
Uppeldis- og menntastarf	16
Námsaðstæður	16
Starfshættir	17
Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	18
Námssvið	19
Velferð og líðan barna	20
Mat á námi og velferð barna	21
Foreldrasamvinna og ytri tengsl	23
Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun	23
Viðhorf foreldra	23
Samstarf við grunnskóla	24
Annað samstarf	24
Skóli án aðgreiningar	26
Skólaþjónusta og sérkennsla	26
Börn með annað móðurmál en íslensku	27
Innra mat	28
Skipulag og viðfangsefni	28
Gagnaöflun og vinnubrögð	28
Opinber birting og umbætur	28
Samantekt matsþátta	29
Samantekt	30
Lokaorð	34
Heimildir	35

Samantekt niðurstaðna

Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er einungis hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem settar eru fram í skýrslunni en eru ekki nefnd hér.

Leikskólinn og umhverfi hans

Leikskólinn Hulduheimar er mjög rúmgóður, vel skipulagður og snyrtilegur og uppfyllir öll skilyrði varðandi rými leikskólahúsnæðis í lögum um leikskóla nr. 90/2008. Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga um að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna teljist til stöðugilda leikskólakennara og þarf að leita leiða til að bæta úr því. Leikskólinn vinnur samkvæmt ákveðinni hugmyndafræði, hefur sett sér einkunnarorð og markmið sem samræmast áherslum sveitarfélagsins. Starfsfólk og foreldrar þekkja einkunnarorð og stefnu leikskólans og nefna leiðir sem farnar eru til að framfylgja henni. Vinnuaðstaða starfsfólks er góð og fjölbreyttir möguleikar til að vinna með börnum í minni og stærri hópum. Góð hljóðvist er í leikskólanum. Útileiksvæði er stórt, vel skipulagt og býður upp á nokkuð fjölbreytta möguleika til náms og leiks en mætti huga að ástandi einstaka leiktækja og nýtingu annarra tækifæra á útileiksvæðinu.

Stjórnun – Skólabragur og samskipti

Leikskólanum er stjórnað af metnaði og áhuga. Samábyrgð starfsfólks er sýnileg og starfshópurinn er nokkuð samhentur en samstarf milli deilda mætti vera meira. Starfsþróunarsamtöl eru tekin reglulega. Svigrúm er veitt til símenntunar starfsmanna og stjórnenda en nýta mætti mannauð leikskólans betur. Starfsandi og skólabragur er góður, starfsfólk hefur trú á gæðum starfsins og er stolt af því. Ákvarðanatáka innan leikskólans er að miklu leyti lýðræðisleg og upplýsingaflæði er gott. Til er ófullkomin skólanámskrá í leikskólanum sem þarf að endurskoða með þátttöku allra aðila skólasamfélagsins. Allar lögbundnar áætlanir og stefnur fyrir leikskólastarfið liggja fyrir. Starfskýrsla (starfsáætlun) og dagskipulag er til fyrir yfirstandandi skólaár en við gerð næstu starfsáætlunar þarf að fylgja betur áherslum í aðalnámskrá leikskóla. Skýra ætti verkaskiptingu og ábyrgðarhluta stjórnenda og setja skýrari ramma um undirbúningstíma deildarstjóra. Meta þarf hvers vegna misræmis gætir milli þess sem fram kemur í skrifuðum gögnum leikskólans og þess sem sýnilegt er í starfi á deildum og bæta úr því. Gott samstarf er við Fræðslu- og tómstundanefnd og fjölskyldusvið sveitarfélagsins Árborgar.

Uppeldis- og menntastarf – Velferð og líðan barna – Mat á námi og velferð barna

Námsumhverfið er skipulagt út frá áherslum leikskólans. Efniviður er fjölbreyttur, hvetjandi og vekur áhuga barnanna. Nýting á húsnæði bæði á deildum og fjölnota svæðum er mjög góð. Kennslugögn og efniviður er fjölbreyttur, yfirleitt vel skipulagður og tekur mið af þörfum barna. Gert er ráð fyrir fjölbreyttum tækifærum til leikja og náms í öllum leikskólanum. Í sumum tilfellum mætti aðgengi barna vera betra að efniviði. Samskipti starfsfólks og viðmót við börnin einkennist af virðingu, jákvæðni og hvatningu. Dagskipulag skiptist í frjálsan leik sem fær góðan tíma, hópastarf og útivist en útfærsla dagskipulagsins er mismunandi eftir deildum. Sýnilegt er að börnunum líður vel og leikur þeirra og samskipti einkenndust af gleði og áhuga. Unnið er með *Könnunarleikinn* og *Vináttu* á yngstu deildum en *Könnunaraðferðina* á eldri deildum. Samkvæmt gögnum á að vinna með *Lubbi finnur málbein* á öllum deildum. Nokkuð mikils munar gætir milli deilda hvernig unnið er með *Könnunaraðferðina* og *Lubbi finnur málbein*. Öll börn í leikskólanum matast í matsal sem skipt er í eldri og yngri og er allt skipulag í kringum matmálstíma til fyrirmyndar. Börnin taka þátt í að meta samskipti sín og líðan með broskallamati og niðurstöður eru nýttar í umbótaáætlun. Ágætlega er unnið með námssviðin læsi, heilbrigði og að hluta til skapandi starf og sjálfbærni. Skoða mætti betur vinnu með tónlist, vísindi og útinám/náttúruskoðun. Leikskólinn hefur sett sér leikfangastefnu sem æskilegt er að endurmeta og samræma leikfni leikskólans við niðurstöður. Tækifæri liggja í að auka samstarf milli deilda og samræma áherslur í

starfi þeirra. Taka upp uppeldislegar skráningar á námi og framförum barna. Kanna færni og þekkingu starfsfólks til að nýta betur í daglegu starfi.

Foreldrasamvinna¹ og ytri tengsl

Viðhorf foreldra¹ til leikskólans er gott. Þeir þekkja stefnu og áherslur hans og hvernig unnið er í samræmi við þær. Almennu eru foreldrar ánægðir með upplýsingar leikskólans en daglegar upplýsingar um börnin í lok dags mætti í sumum tilfellum bæta. Foreldrar eru ánægðir með aðbúnað barna. Foreldrum er gefið tækifæri á að fylgjast með námi barna sinna og þeir eru ánægðir með samskipti og viðmót starfsmanna. Við leikskólann er starfandi foreldraráð og foreldrafélag undir einni stjórn. Foreldraráði ætti að vinna starfsáætlun og birta á heimasíðu leikskólans ásamt fundargerðum ráðsins. Áherslur um foreldrasamstarf leikskólans ættu að liggja fyrir og vera sýnilegar á heimasíðu.

Skóli án aðgreiningar

Við leikskólann starfar sérkennslustjóri. Hún hefur umsjón með og ber ábyrgð á framkvæmd sérkennslu og einstaklingsáætlana. Hún er tengiliður við sérfræðinga utan leikskólans. Lögð er áhersla á að stuðningur við börn fari sem mest fram á deildum en í einstaklingskennslu eða minni hópum þegar við á. Sérkennslustjóri vinnur með og leiðbeinir starfsmönnum sem annast sérkennslubörn á deildum og veitir starfsmönnum deilda upplýsingar og ráðgjöf varðandi börnin þegar eftir er leitað. Leikskólinn nýtur ráðgjafar þverfaglegs sérfræðingahóps hjá Skólaþjónustu Árborgar. Unnið er með íslenskukennslu barna sem eiga annað móðurmál. Gott samstarf er við fjölskyldusvið Árborgar sem fundar reglulega með deildarstjórum og sérkennsluráðgjafa í leikskólanum. Boðið er upp á tálkaþjónustu í viðtölum ef við á en upplýsingar á heimasíðu eru að mestu á íslensku.

Innra mat

Í leikskólanum er til matsáætlun fyrir yfirstandandi skólaár. Ábyrgð á áherslum og forgangs röðun fyrir innra mat er í höndum aðstoðarleikskólustjóra sem leitar eftir hugmyndum deildarstjóra og starfsfólks. Innra mat er unnið á deildarfundum, skipulagsdögum og í undirbúningstímum deildarstjóra. Nýttar eru niðurstöður úr foreldra- og starfsmannakönnunum og broskarlakönnunum barna. Niðurstöður úr innra mati eru birtar í starfsskýrslu sem aðgengileg er á heimasíðu. Til úrbóta ætti að stofna matsteymi, gera ábyrgðarmann fyrir hverjum matsþætti í matsáætlun. Einnig er æskilegt að leita eftir hugmyndum foreldra um hvað ætti að meta.

1 Í þessari skýrslu er orðið foreldri notað jafnt um foreldra sem og forsjáraðila.

Inngangur

Í þessari matsskýrslu er fjallað um ytra mat á leikskólanum Hulduheimum. Matið er gert á grundvelli 17. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Matið var framkvæmt af Kolbrúnu Vigfúsdóttur og Sigrúnu Einarsdóttur og fór fram á vettvangi 28. til 29. mars og 31. mars til 1. apríl 2022. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Teknir voru fyrir eftirfarandi matsþættir: leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, skólabragur og samskipti, foreldrasamstarf og ytri tengsl, skólaþjónusta og sérkennsla og innra mat.

Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum er samkvæmt 17. grein laga um leikskóla nr. 90/2008:

1. að veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsmanna leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
2. að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.
3. að auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
4. að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.²

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og sérstök áhersla lögð á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun leikskóla, styðja við leikskólastjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi, hvetja kennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera leikskólum hvati til frekari skólaþróunar. Grundvöllur ytra mats eru leiðbeiningar mennta- og barnamálaráðuneytis um ytra mat leikskóla. Við matið eru notuð viðmið um gæðastarf á leikskólum, sem unnin hafa verið upp úr viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs Reykjavíkurborgar. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um leikskólastarf og aðalnámskrá leikskóla og eru áherslur Kennarasambands Íslands hafðar til hliðsjónar.

Gagnaöflun

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um leikskólann áður en farið var í vettvangsathuganir og viðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gætu ljósi á leikskólastarfið, ýmist á prentuðu máli eða á rafrænu formi.³ Kynning á forsendum og matsframkvæmd var send leikskólastjóra 13. mars á rafrænu formi. Leikskólastjóra var falið að sjá til þess að starfsfólk og foreldrar hefðu tækifæri til að nálgast þessi gögn og koma spurningum eða athugasemdum á framfæri við úttektaraðila. Matsaðilar dvöldu fjóra daga á vettvangi og gerðu vettvangsathuganir á öllum deildum leikskólans. Tekin voru rýnivíðtöl við deildarstjóra, starfsfólk, foreldra og börn. Einstaklingsviðtal var tekið við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og sérkennslustjóra og haft var símasamband við sviðsstjóra Fjölskyldusviðs Árborgar. Þátttakendur í rýnihópum voru valdir með slembiúrtaki. Fylgst var með uppeldi, kennslu- og starfsháttum, leik og námi, velferð og líðan barna, faglegu starfi og skipulagi náms og námsaðstæðna í leikskólanum. Matsaðilar fylltu út gátlista fyrir vettvangsathugun á deild og gáfu einkunn fyrir vísbendingar um gæðastarf sem myndar grunn að heildarmati og gefur mynd af leikskólastarfi á þeim meginþáttum sem viðmiðin ná til.⁴ Matsaðilar fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrir fram að lokinni leikskólaheimsókn, unnu saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Skýrslan var send leikskólastjóra til yfirlstrar.

2 Lög um leikskóla nr. 90/2008.

3 Skólanámskrá og starfsáætlun og greinargerðir um innra mat, umbótaáætlun og matsáætlun, dagskipulag, símenntunaráætlun, niðurstöður ytra mats sveitarfélaga og/eða mennta-menningarmálaráðuneytis. Önnur gögn sem skólinn lagði fram.

4 Sjá nánar í lok skýrslunnar.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa góðar vísbendingar um það starf sem fram fer í leikskólanum.

Leikskólinn og umhverfi hans

Leikskólinn Hulduheimar er sex deilda leikskóli á Selfossi í Árborg sem var opnaður 14. nóvember 2006. Í leikskólanum eru 110 börn á aldrinum eins til sex ára, 55 stúlkur og 55 drengir. Þrjú börn eru með skilgreinda sérkennslu í leikskólanum. Níu börn eiga annað móðurmál en íslensku. Leikskólinn er opinn virka daga frá kl. 7:45-16:30.

Deildir leikskólans eru þessar:

Fæðingarár barna á deildinni:

Smálönd	2018–2020
Sjónarhóll	2018–2019
Kattholt	2018–2019
Hlynskógar	2017–2018
Kirsuberjadalur	2016–2017
Sólbakki	2016–2017

Húsnæði og útileiksvæði

Húsnæði leikskólans er mjög rúmgott, vel skipulagt og snyrtilegt. Aðstaða er fyrir viðtöl, minni og stærri fundi, sérkennsluherbergi, rúmgóð kaffistofa og undirbúningsherbergi fyrir starfsfólk, skrifstofur fyrir leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og sérkennslustjóra. Stór matsalur sem jafnframt er nýttur fyrir hreyfingu og stærri fundi, tveir listaskálar/vísindastofur og bókasafn. Í foreldrakönnun kom fram að meirihluti er ánægður með aðbúnað barna í leikskólanum.⁵ Útileiksvæði er stórt og vel skipulagt, nokkuð vel búið leiktækjum sem þó þarfnast sum endurbóta, svo sem sandkassi og útielldhús en býður annars upp á fjölbreytt tækifæri til leikja og hreyfingar. Svæðið er hólfað í tvennt, fyrir eldri og yngri en hægt að opna á milli. Á leiksvæðinu eru ræktunarkassar sem ekki virðast hafa verið í notkun. Athugasemd kom fram um kastalana frá foreldrum. Utan leikskólalóðar eru góðir möguleikar til vettvangsferða og útináms. Húsnæðið uppfyllir kröfur sem gerðar eru varðandi rými leikskólahúsnæðis í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og í reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009 með síðari breytingum.

Starfsfólk

Starfsfólk sem starfar við leikskólann er samtals 44 í alls 39,7 stöðugildum. Þrír stjórnendur eru í leikskólanum leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri. Auk stjórnenda starfa sex deildarstjórnar og matráður í leikskólanum.

Leikskólastjóri hefur starfað við leikskólann frá upphafi en sem leikskólastjóri frá 2014, hún er með M. Ed. í leikskólafræðum í 100% stjórnunarstöðu. Aðstoðarleikskólastjóri hefur starfað við leikskólann frá 2016, hún er með M.Ed. í leikskólafræðum í 80,6% stjórnunarstöðu. Sérkennslustjóri er með leyfisbréf í leikskólafræðum og diplóma í lýðheilsufræðum. Fimm deildarstjórnar eru allir með leyfisbréf í leikskólafræðum. Þrír kennarar með leyfisbréf í leikskólafræðum starfa á deildum utan deildarstjórnar. Auk þess starfa á deildum einn aðstoðarleikskólakennari í leikskólakennaranámi, fjórir leikskólaliðar, einn tólmstunda- og félagsmálafræðingur, tveir með BA-próf í félagsráðgjöf, einn með M.Ed. í sérkennslufræðum og BA-próf í félagsfræði og einn með BA-próf í sálfræði. Auk þess starfa 23 ófaglærðir leiðbeinendur í leikskólanum, tveir af þeim eru í leikskólaliðanámi og tveir í þroskaþjálfanámi. Þrír starfsmenn í eldhúsi. Þrír starfsmenn, iðjuþjálfari, fötlunarfræðingur og þroskaþjálfari með BA-próf, vinna með sérkennslu í leikskólanum. Í leikskólanum starfa 39 konur og fimm karlmenn. Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði 2. mgr. 14. gr. laga nr. 95/2019 um menntun og ráðningu kennara og skólustjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla um að lágmarki $\frac{2}{3}$ hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla skulu teljast til stöðugilda kennara. Starfsmannavelta hefur ekki verið mikil í leikskólanum undanfarið ár.

5 Starfsskýrsla.

Hugmyndafræði og áherslur

Námsumhverfi og viðfangsefni barna eru skipulögð út frá hugmyndafræði John Dewey, Grunnhugmyndum í uppeldisstefnu John Dewey er lýst í gögnum leikskólans á einfaldan hátt með einkunnarorðunum „learning by doing“, að læra í athöfn og að læra af eigin reynslu.⁶ Einkunnarorð leikskólans *Virðing – Lýðræði – Samfélag*⁷ eru í samræmi við áherslur í menntastefnu Árborgar 2018-2022 sem er *metnaður, virðing, vinátta og gleði*.⁸ Markmið leikskólans eru: *að mæta barninu þar sem það er stadd, að barnið kynnist samfélaginu og umhverfinu, að barnið kynnist lýðræði*. Aðalnámsaðferð Hulduheima⁹ er *Könnunaraðferðin* (e: Project Approach).¹⁰ Starfsfólk og foreldrar þekkja stefnu og einkunnarorð sem leikskólinn starfar eftir og gátu bent á að Könnunaraðferðin væri aðalnámsaðferð leikskólans.¹¹ Í leikskólanum er unnið með *Könnunarleikinn*¹² fyrir yngstu börnin, verkefnið *Lubbi finnur málbein* og *Vináttu-forvarnarverkefni Barnaheilla*.¹³ Í starfi leikskólans er lögð áhersla á að grunnþættir menntunar (læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning) falli inn í alla daglega starfsemi leikskólans.¹⁴

Styrkleikar

- Húsnæði leikskólans er mjög rúmgott, vel skipulagt og snyrtilegt og uppfyllir skilyrði varðandi rými leikskólahúsnæðis í lögum um leikskóla nr. 90/2008.
- Útileiksvæði er stórt, vel skipulagt, búið sæmlega góðum leiktækjum og býður upp á nokkuð fjölbreytta möguleika til náms og leiks.
- Leikskólinn vinnur samkvæmt ákveðinni hugmyndafræði, hefur sett sér einkunnarorð og markmið sem samræmast áherslum sveitarfélagsins.
- Starfsfólk þekkir hugmyndafræði og gildi leikskólans og getur bent á leiðir til að framfylgja þeim.
- Foreldrar þekkja einkunnarorð og hugmyndafræði leikskólans

Tækifæri til umbóta

- Leita þarf leiða til að fjölga kennaramenntuðum starfsmönnum svo leikskólinn uppfylli ákvæði laga nr. 95/2019 hvað varðar að lágmark 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla teljist til stöðugilda kennara.
- Gera ætti mat og endurbætur á útileiksvæðinu, skoða ástand leiktækja og nýtingu annarra tækifæra svo sem útielhdús og ræktunarkassa.

6 Heimasíða Hulduheima.

7 Heimasíða Árborgar.

8 Starfsskýrsla

9 Könnunaraðferðin.

10 Starfsskýrsla.

11 Könnunarleikur.

12 Vinátta er forvarnaverkefni sem Barnaheill hefur gefið út á íslensku.

Starfsfólk skóla þarf að taka námskeið til að mega nota verkefnið í skólum.

Með verkefninu fylgir dúkka/dúkkur sem kölluð er Blær og margir skólar kalla verkefnið því nafni. Í þessari skýrslu verður það nafn notað.

13 Starfsskýrsla, viðtöl við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra.

Stjórnun

Stjórnskipulag og skipurit

Rekstraraðili Hulduheima er sveitarfélagið Árborg. Fræðslu- og tómsbundanefnd sem fer með mál-efni leikskólans í umboði sveitarstjórnar er skipuð fimm fulltrúum og jafn mörgum til vara. Sviðstjóri fjölskyldusviðs er næsti yfirmaður leikskólastjóra. Á vegum sveitarfélagsins starfar Skólaþjónusta þar sem meginþjónustubættir eru: starfstengd leiðsögn, kennslufræðileg ráðgjöf, fjölmenningsleg ráðgjöf, talmeinaráðgjöf og þjálfun, sálfræðiráðgjöf, skimanir, greiningar og stuðningu við starfsþróun í skólum.¹⁴

Fræðslunefnd- og tómsbundanefnd fundar mánaðarlega, á þeim fundum skiptast leikskólastjórar á að mæta sem fulltrúar leikskólastjórahópsins. Allir leikskólastjórar í sveitarfélaginu funda mánaðarlega með sviðsstjóra fjölskyldusviðs. Leikskólastjórar í sveitarfélaginu hafa sameiginlega vinnufundi vikulega, þar fer meðal annars fram jafningjahandleiðsla, umræða um fundargerðir fræðslu- og tómsbundanefndar og fleira. Leikskólastjóri tók fram að gott væri að eiga bakland í þessum hópi. Á þessa fundi geta leikskólastjórar kallað til ýmsa sérfræðinga til dæmis mannauðsráðgjafa. Fundargerðir eru ritaðar á öllum fundum. Leikskólaráðgjafi frá skólaþjónustu kemur inn í leikskólann með ráðgjöf, ýmist að ósk leikskólans eða óboðaður.¹⁵

Eins og áður hefur komið fram vinnur leikskólinn samkvæmt hugmyndafræði John Dewey og menntastefnu sveitarfélagsins sem hefur sett sér læsisstefnu þar sem lögð er áhersla á læsi í víðum skilningi, jafnréttisstefnu, áfalla- og slysaáætlun, stefnu gegn einelti, áreitni og ofbeldi, umhverfisstefnu, lista- og menningarstefnu, persónuverndaryfirlýsingu, reglur um leikskóla í Árborg, reglur um styrki til nema í leikskólakennarafræðum.¹⁶ Í leikskólanum eru til verklagsreglur um viðbrögð við slysum og áætlun um upphaf leikskólagöngu barna. Öryggis- og rýmingaráætlun er sýnileg við alla útganga á deildum og í starfsmannarými. Áfallateymi er í leikskólanum. Að sögn sviðsstjóra fjölskyldusviðs hefur leikskólinn gott orð á sér í samfélaginu og niðurstöður úr foreldrakönnunum yfirleitt jákvæðar.¹⁷

Námskrá og áætlanir

Skólanámskrá leikskólans er frá árinu 2014 og endurskoðuð að hluta 2018 og er aðgengileg á heimasíðu leikskólans. Námskráin uppfyllir ekki kröfur sem gerðar eru um skólanámskrá í aðalnámskrá leikskóla. Á heimasíðu leikskólans er starfsskýrsla (gegnir sama hlutverki og starfsáætlun) sem uppfyllir flestar áherslur aðalnámskrár leikskóla um starfsáætlun. Í þessari starfsskýrslu er að finna efni sem ýmist á heima í skólanámskrá eða starfsáætlun. Starfsmannahandbók sem þarfnast endurskoðunar er aðgengileg starfsfólki í undirbúningisherbergi.

Stjórnun og starfsfólk

Stjórnendateymi Hulduheima mynda leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri og deildarstjórar. Fundir í stjórnendateymi eru haldnir vikulega, klukkutíma í senn. Þar fer fram umræða um uppeldisstarfið, skipulagsmál, starfsmannamál, upplýsingaflæði innan leikskólans og til foreldra, skipulagðir viðburðir og tekið til umræðu efni frá starfsfólki. Einnig eru rædd erfið mál sem upp koma á deildum. Ekki er að jafnaði lögð fram dagskrá fyrir fundina, stundum er efni þeirra fyrir fram ákveðið og hefur þá áður verið tekið til umræðu meðal starfsfólks. Í sumum tilfellum er einstaka deildarstjóri búinn að ræða fundarefni við leikskólastjóran fyrir fundi. Starfsfólk getur einnig óskað eftir að ákveðin mál séu tekin fyrir á þessum fundum.

Fundargerðir eru prentaðar út og lagðar fram á deildum fyrir starfsfólk til yfirlestrar, þar sem á að kvitta fyrir lestur þeirra. Formleg verkaskipting er ekki í stjórnunarteyminu önnur en sú að deildarstjórar taka að sér að bera ábyrgð á einstaka verkefnum. Deildarstjórar bera ábyrgð á og skipuleggja starf deilda. Við skipulag og undirbúning nýrra verkefna eru skipuð teymi starfsmanna í þeim tilgangi að dreifa ábyrgð milli fólks. Ekki kom fram hvernig eða hvort stjórnendur og deildarstjórar stjórni þessum teyrum.¹⁸

14 Heimasíða Árborgar.

15 Viðtal við leikskólastjóra.

16 Heimasíða Árborgar.

17 Símaviðtal við sviðsstjóra fjölskyldusviðs.

18 Viðtal við leikskólastjóra og rýnihóp deildarstjóra.

Leikskólastjórnendur eru ekki með fasta fundi og ekki með skráða verkaskiptingu, leikskólastjóri sér um allan almennan rekstur, innritun, ráðningu starfsmanna og almennt starfsmannahald. Aðstoðarleikskólastjóri ber að stórum hluta ábyrgð á innra starfi leikskólans, raðar fólki á deildir ásamt leikskólastjóra, svarar beiðnum starfsfólks um frí, sér um skýrslugerð, nýliðafræðslu og daglegt skipulag starfsfólks (níu fundir). Í viðtali við leikskólastjóra kom fram að stjórnendur gæta þess að vera samstiga í því sem þeir segja og telur að starfsfólk viti nokkurn veginn hvernig skiptingin er milli stjórnenda.¹⁹ Stjórnendur skiptast á um að taka árleg starfsmannasamtöl og það sem kallað er árleg örviðtöl (15 mín.) Örviðtöl snúast fyrst og fremst um að hlusta eftir líðan starfsfólks í vinnunni. Að sögn leikskólastjóra hafa þessi viðtöl reynst vel. Starfslýsingar eru aðgengilegar í starfsmannahandbók en leikskólinn er ekki með skipurit.²⁰

Áætlun um skipulagsdaga er sett upp fyrir starfsárið. Skipulagsdagar í leikskólanum eru fjórir á ári, þar er lögð fram dagskrá og ritaðar fundargerðir. Auk þess tekur starfsfólk leikskólans þátt í tveim sam-eiginlegum fræðsludögum á vegum Árborgar, Haustþingi og Skóladegi. Á skipulagsdögum er fjallað um skipulag leikskólastarfsins og innra mat. Einnig er boðið upp á fræðslu á þessum dögum og gert er ráð fyrir að þeir séu nýttir til náms- og kynnisferða. Skipulagsdagar eru samræmdir við skipulagsdaga grunnskólans. Starfsmannafundir eru fjórir tveir á hvorri önn. Þessir fundir eru meðal annars nýttir fyrir innra mat og umræðu um uppeldisstarf leikskólans. Deildarfundir eru haldnir vikulega hálf tíma í senn. Ekki er alltaf fyrir fram ákveðin dagskrá fyrir þá og ekki rituð fundargerð. Á þessum fundum er rætt um skipulag starfsins á deildinni, málefni barna, farið yfir efni frá deildarstjórafundum og dreift almennum upplýsingum. Starfsfólk er ánægt með þetta fyrirkomulag og yfirleitt falla þessir fundir ekki niður.²¹

Deildarstjórar fá samningsbundinn undirbúningstíma fimm daga vikunnar og taka hann saman eftir hádegi þrjá tíma á dag. Að sögn deildarstjóra eru undirbúningstímar nýttir til að undirbúa foreldraviðtöl, skráningar, búa til námsefni og fréttabréf til foreldra. Af og til segjast þeir fylgjast með börnunum í leik á deildum eftir hádegi eða fara inn á deild til að meta starfið á þeim tíma. Í sumum tilfellum fara deildarstjórar inn á deild seinnipart dags til að hitta foreldrana. Deildarstjórar segjast jafnframt nota þessa tíma að hluta til sem jafningjahandleiðslu. Ekki kom fram hvort haldin er skráning yfir verkefni sem tekin eru fyrir í undirbúningstíma eða hversu mikill tími fer í að gera atferlisathuganir á deildum. Ekki kom heldur fram hvernig deildarstjórar vinna úr uppeldislegum skráningum. Óalgengt er að þessir undirbúningstímar falli niður. Annað starfsfólk fær lögbundinn undirbúningstíma í samræmi við menntun og ófaglærðir starfsmenn fá undirbúningstíma ef þeir bera ábyrgð á að stjórna verkefnum. Þessir undirbúningstímar eru teknir fyrir hádegi.

Við ráðningu nýrra starfsmanna er fylgt lögum nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda. Við undirritun ráðningarsamnings er skrifað undir ákvæði um trúnað og þagnarskyldu og leyfi veitt til að skoða sakaskrá. Farið er eftir ákveðnu skráðu verklagi við móttöku nýrra starfsmanna. Leikskólastjóri tekur ráðningarviðtöl og hann ásamt aðstoðarleikskólastjóra raðar inn á deildir. Stjórnendur og deildarstjórar taka leiðbeiningarviðtöl við nýtt starfsfólk þrisvar á reynslutíma, ekki er sýnilegt skipulag um þessa verkaskiptingu. Deildarstjórar sjá um að kynna deildarstarfið fyrir nýju starfsfólki.

Símenntunaráætlun liggur fyrir í leikskólanum en þar sem tilboð um símenntun berast leikskólanum allt skólaárið er ekki hægt að skipuleggja alla símenntun skólaársins að hausti.

Skólastjórnendur meta almenna þörf fyrir námskeið og fræðsluerindi en einnig er tekið tillit til óska starfsmanna varðandi símenntun.²² Að sögn stjórnenda er lögð áhersla á að fá inn vinnutengda fræðslu fyrir allt starfsfólk á skipulagsdögum. Sveitarfélagið býður upp á fræðslu á árlegu Haustþingi (haustþingið er á vegum 8. deildar FL og FSL) og Skóladegi að vori. Að sögn leikskólastjóra er starfsfólk hvatt til að sækja sér símenntun og upplýsingar um framboð komið til starfsfólks. Starfsfólk var sæmlega ánægt með framboð á námstilboðum og sagði að það væri hvatt til að sækja sér símenntun og

19 Viðtal við leikskólastjóra.

20 Viðtal við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra.

21 Rýnihópur starfsfólks.

22 Starfskýrsla.

staðfestu að stjórnendur sendu þeim upplýsingar um símenntunartilboð. Fram kom í rýnihópi deildarstjóra að lítið framboð væri af námskeiðum um starfið með börnunum og tekið var sem dæmi: listgreinar og útinám. Starfsfólk í rýnihópi talaði um að meira framboð væri af námskeiðstilboðum fyrir fagmenntaða en fræðsla sveitarfélagsins á Haustþingi og Skóladegi væri fyrir alla. Haldin er skrá yfir símenntun starfsmanna og kemur hún fram í starfsskýrslu leikskólans.²³ Sveitarfélagið styrkir starfsfólk til náms í leikskólakennarafræðum.²⁴ Ekki kom fram í viðtölum að reynt væri að stuðla að virku lærdómssamfélagi í leikskólanum. Í vettvangsathugun og viðtölum kom í ljós að í leikskólanum starfar fólk með margvíslega þekkingu og hæfileika sem nýst gætu öllum leikskólanum. Að sögn sviðsstjóra Fjölskyldusviðs er mikilvægasta verkefni skólafyrivalda í dag að styrkja starfsandann í leikskólum sveitarfélagsins.²⁵

Fagleg forysta

Í viðtali var leikskólastjóri spurð um áherslur í stjórnun. Hún sagðist nýta sér bókina Fiskinn sem aðferð við stjórnun leikskólans.²⁶ Sagðist reyna að tengjast öllu starfsfólki, muna eitthvað persónulegt um hvert og eitt sem hún gæti tekið upp við viðkomandi, það auki tengslin. Leikskólastjóri sagðist leggja áherslu á að heilsa öllum á hverjum morgni en þurfi að vera meðvituð um að verða ekki meðvirk með starfsfólki. Sagðist leggja áherslu á mikilvægi þess að beita húnur og taka hlutunum „létt“, vera skemmtileg og hress. „Mikilvægt að vera til staðar og fólk viti fyrir hvað maður stendur, vera sýnileg.“ Leikskólastjóri tók fram að hún væri félagslynd og hafi fyrir venju að spjalla við alla sem tilheyra leikskólasamfélaginu. Henni líkar að takast á við áskoranir og sagði að mistök væru ekki hættuleg, maður lærir af þeim sagði leikskólastjórinn og bætti við „ég tek ekki vinnuna með mér heim.“²⁷ Hún sagði að sér liði mjög vel í vinnunni og hún fengi þakklaeti, hrós og hvatningu fyrir að reyna nýjar leiðir í starfinu. Hæfni hennar nýttist vel í starfi og starfið henti henni vel. Sem sterka þætti leikskólastarfsins nefndi hún góða samvinnu starfshópsins, gleði og húnur innan hans. Leikskólastjóri sagðist stolt af því að hafa komið því til leiðar að taka hreyfisal undir matsal, sú breyting hafi gengið vel og mikil ánægja væri með þetta fyrirkomulag. Fram kom hjá henni að starfsfólk væri almennt duglegt við að tileinka sér nýja hluti. Aðspurð um hvað mætti bæta í leikskólanum nefndi leikskólastjórinn að metnaðurinn í starfshópnum hafi aðeins farið niður og þurfi að vinna að því að auka ástríðuna fyrir starfinu. Að hennar dómi fylgjast deildarstjórar ekki eins vel með sínu fólki og áður, athyglin sé farin frá barninu, ef til vill of mikið af skrifræði sem þarf að skoða. Einnig þyrfti að skoða hversu mikið er farið eftir því sem fram kemur í skrifuðum gögnum leikskólans.

Aðstoðarleikskólastjóri sagðist vera skipulagður, góður mannþekkjari og ætti auðvelt með að lesa fólk. Mikilvægt væri að vera góður hlustandi, hafa góða yfirsýn yfir starfið í leikskólanum, sýni fólki skilning en sé jafnframt vera ákveðin, ekki láta málin fljóta. Hún sagði mikilvægt að leyfa fólki að tjá sig og njóta sín á eigin forsendum. Í foreldrakönnun Skólapúlsins frá febrúar 2021²⁸ var meirihluti foreldra mjög eða frekar ánægður með stjórnun leikskólans. Í rýnihópi foreldra kom fram að leikskólastjóri væri vel sýnilegur foreldrum í leikskólanum, á morgnana þegar komið væri í leikskólann og einnig í lok dags. Hún væri líka í góðu sambandi við foreldra þegar aðlögun barna fer fram.²⁹ Leikskólastjóri sagðist reyna að fylgjast með starfinu á deildum og gefa fólkinu endurgjöf, það sem vel væri gert eða það sem mætti gera betur. Að sögn deildarstjóra koma stjórnendur reglulega inn á deildir til að fylgjast með. Þeir gæfu hrós en einnig ábendingar um það sem má bæta. Starfsfólk sagði að leikskólastjóri væri sveigjanleg og skilningsrík, það væri gott að leita til hennar, alltaf tilbúin til að ræða málin og væri lausnarmiðuð.³⁰ Aðstoðarleikskólastjóri tekur stöðuna á starfsmannahópnum daglega með því að sjá um morgunfundir þar sem fulltrúi frá hverri deild mætir til að veita og taka við upplýsingum. Leikskólastjóri sagðist vera í góðu sambandi við börnin. Þau hafi gott aðgengi að sér, sérstaklega eldri deildirnar þar sem þau fara fram hjá skrifstofunni hennar þegar þau fara í matsalinn. Hún fer líka inn á deildir til að hitta börnin, vill að þau viti hver hún er. Sagðist líka reyna að hitta foreldra öðru hvoru að morgni eða kvöldi. Börn í rýnihópi sögðust þekkja leikskólastjórann, nefndu nafnið hennar og sögðust vita hvar skrifstofan hennar væri. Aðspurð að því hvað leikskólastjórinn gerir sögðu þau að hún tæki á móti

23 Viðtöl við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og rýnihópa deildarstjóra og starfsmanna.

24 Heimasiða Árborgar.

25 Símaviðtal við sviðsstjóra Fjölskyldusviðs.

26 Fiskur fyrir lífið.

27 Viðtal við leikskólastjóra.

28 Í foreldrakönnuninni var 98,9% svörun.

29 Rýnihópur foreldra.

30 Rýnihópar deildarstjóra og starfsmanna.

nýjum krökkum og réði líka öllu í leikskólanum.³¹ Aðstoðarleikskólastjóri sér um innleiðingu *Barnasáttmálans* á öllum deildum. Hún sagði að börnin þekktu hana og taki henni fagnandi þegar hún kemur inn á deildir. Eldri börnin líta stundum við á skrifstofunni hans og heilsa upp á Sæla sem er Barnasáttmálabróðan, eða skoða hnattlíkanið sem er á skrifstofunni. Matsaðilar urðu vitni að því að skrifstofur stjórnenda voru alltaf opnar nema þegar fundir stóðu yfir.

Í Maskínukönnun frá hausti 2021 sagði meirihluti starfsfólks að yfirmaður setji skýr markmið um til hvers væri ætlast og það fái mjög eða fremur fullnægjandi upplýsingar og vissi til hvers væri ætlast af þeim. Meirihluti sagðist treysta sínum næsta yfirmanni og voru mjög eða fremur ánægð með stjórnun vinnustaðarins.³²

Starfsandi og starfsánægja

Að sögn leikskólastjóra ríkir gott andrúmsloft í leikskólanum sem einkennist af almennri kurteisi, virðingu, jákvæðni og trausti. Vilji væri til að vinna og þróa áfram gott starf. „Fólk sýnir frumkvæði og deilir þekkingu sín á milli.“ Að hennar sögn væri reynt að gefa öllum tækifæri og lögð væri áhersla á að taka vel á móti öllum. Leikskólastjóri sagði að vel væri tekið á árekstrum ef upp kæmu. „Mér líður vel í vinnunni, er stolt af starfi mínu og vona að ég sé metin að verðleikum.“ sagði leikskólastjóri. Hjá viðmælendum kom fram að þeim liði vel í vinnunni störf þeirra væru metin, þeir fengju hvatningu og hrós frá yfirmönnum, samstarfsfólki og foreldrum.³³ Vel væri tekið í nýjar hugmyndir og allir óhræddir við að ræða breytingar. Deildarstjórar tóku fram að ekki væri hræðsla við að gera mistök, alltaf væri hægt að snúa til baka. Nokkrir viðmælendur komu með þá athugasemd að ákveðinnar þreytu gætti í starfsmannahópnum sem skrifast gæti á ástand undanfarinna tveggja ára vegna Covid 19. Einnig komu fram athugasemdir um að bæta mætti traustið innan hópsins og athugasemd um að merkja mætti stéttaskiptingu innan leikskólans. Í viðtölum kom fram að almennt væri metnaður innan starfshópsins en þörf væri á að skoða leiðir til að efla frekar áhugann á starfinu.³⁴ Í Maskínukönnun frá hausti 2021 kom fram að meirihluti sagði starfsandann góðan, samskipti starfsmanna góð og vel væri tekið á móti nýju starfsfólki.³⁵ Í rýnihópi deildarstjóra kom fram að þeim liði vel, teldu sig sinna starfinu vel, þeir fái góðan stuðning frá stjórnendum, leikskólastjóri væri dugleg að koma því á framfæri við þá hversu mikilvægir þeirra væru fyrir leikskólann. Þeir sögðu deildarstjórahópinn vinna markvisst að því að styrkja sig sem hóp. Þeir sögðust fá hrós frá samstarfsfólki og foreldrum. Deildarstjórar nefndu sérstaklega stolt sitt yfir fyrirkomulagi á undirbúningstíma.

Í Maskínukönnun sem Árborg lét gera haustið 2021, þar sem svarhlutfall Hulduheima var 77.3%, kom fram að meirihluti starfsmanna væri ánægður í starfi og liði vel. Í leikskólanum væri fremur eða mjög góður starfsandi og næsti yfirmaður stuðli yfirleitt að góðum starfsanda. Rúmur helmingur starfsfólks sagði að álit sitt skipti mjög eða fremur miklu máli í vinnunni. Nokkrir sögðust hafa orðið fyrir einelti eða áreitni síðustu 12 mánuði.

Í leikskólanum er starfandi skemmtinefnd sem sér um ýmsar uppákomur fyrir hópinn svo sem gönguferð að hausti, vorferð, fínn dagur (allir koma í finni fötum), ljótupeysu dagur, vinavika og fleira. Reynt er að halda uppi góðum „húmor“ á kaffistofu til dæmis er „feitur fimmtudagur“ í hverjum mánuði, þá skiptast deildir á að koma með veitingar. Starfsmannafélagið er með „sjoppu“ þar sem selt er sælgæti og er ágóðanum varið til að greiða fyrir starfsmannaferðir. Skiptifatamarkaður hefur einnig verið í leikskólanum. Starfshópurinn er með sameiginlega Fésbóksíðu

Styrkleikar

- Leikskólastjóri fundar reglulega með Fræðslu- og tómsstjóranefnd, sviðsstjóra fjölskyldusviðs og leikskólastjórum Árborgar.
- Stjórnunarteymi er starfandi í leikskólanum og deildarstjórar sjá um að skipuleggja deildarstarfið.
- Gerð hefur verið leiðbeinandi starfsmannahandbók og móttökuáætlun fyrir nýtt starfsfólk.

31 Rýnihópur barna.

32 Maskínukönnun.

33 Rýnihópar deildarstjóra og starfsmanna.

34 Rýnihópar deildarstjóra og starfsmanna.

35 Maskínukönnun.

- Starfsþróunarsamtöl eru árlega og einnig korters örsamtöl.
- Leikskólinn er með móttökuáætlun fyrir ný börn, áætlun um upphaf grunnskólagöngu, læsisstefnu og jafnréttis- og eineltisáætlun, verklagsreglur um viðbrögð við slysum, öryggishandbók og öryggis- og rýmingaráætlun.
- Skóladagatal er á heimasíðu.
- Sveitarfélagið styður starfsfólk til náms í leikskólafræðum.
- Símenntunaráætlun er unnin út frá þörfum leikskólans með áherslu á fræðslu fyrir allan starfsþópinn.
- Starfsfólk hefur metnað fyrir hönd leikskólans, trú á gæðum leikskólastarfsins og er stolt af starfi sínu.
- Leikskólinn er með samning við Skólapúlsinn um foreldra- og starfsmannakannanir.

Tækifæri til umbóta

- Endurskoða þarf skólanámskrá í samræmi við aðalnámskrá leikskóla frá 2011 með aðkomu allra aðila leikskólasamfélagsins.
- Gera þarf skriflega verkaskiptingu milli stjórnenda með tilliti til ábyrgðarhluta hvors fyrir sig og skýra samráðsferli þeirra.
- Æskilegt væri að skilgreina hlutverk stjórnenda og deildarstjóra gagnvart einstökum verkefnum.
- Við gerð næstu starfsáætlunar (starfsskýrslu) þarf að fylgja áherslum um innihald starfsáætlunar í aðalnámskrá leikskóla frá 2011 og tryggja aðkomu allra aðila leikskólasamfélagsins.
- Nauðsynlegt er að skoða meint einelti og/eða áreiti sem fram kemur í Maskínukönnun frá hausti 2021.
- Gera þarf mat á því hversu mikið samræmi er milli þess sem skrifað er í gögnum leikskólans og þess sem gert er á gólfinu með börnunum.
- Æskilegt er að uppfæra starfsmannahandbók.
- Gera ætti skýrari ramma í kring um undirbúningstíma deildarstjóra, skrá þau verkefni sem unnin eru í þessum tímum og hversu mikill hluti hans fer í vettvangsathuganir á deildum og úrvinnslu þeirra.
- Nýta ætti betur mannauð leikskólans til að byggja upp virkt lærdómssamfélag.

Uppeldis- og menntastarf

Námsaðstæður

Húsnæði leikskólans er vel hannað, bjart og rúmgott. Námsumhverfi barna er fjölbreytt og hvetjandi, vel skipulagt og gerir ráð fyrir ólíkum þörfum barna til leikja og náms. Öll rými leikskólans eru vel nýtt og þann tíma sem matsaðilar voru á vettvangi mátti sjá að námssvið aðalnámskrár leikskóla birtast í viðfangsefnum barna. Leikskólinn er vel útbúinn leik- og námsgögnum og aðgengi barna að þeim er almennt gott. Hver deild hefur þrjár stofur sem gefa góða möguleika til að vinna með minni hópa í frjálsum leikjum og skipulögðu starfi. Góð aðstaða er til borð- og gólfleikja á öllum deildum. Sameiginleg svæði í miðju hússins eru tvær listasmiðjur og salur til hreyfileikja og hafa allar deildir aðganga að þeim. Þá daga sem vettvangsathugun stóð yfir voru þessi svæði nýtt undir hópastarf fyrir hádegi.

Skipulag húsnæðisins gefur möguleika á góðum samskiptum og samstarfi allra í leikskólanum. Í sitt hvorum enda hússins eru þrjár deildir, eldri börnin í öðrum enda og yngri börn í hinum. Sameiginleg rúmgóð fataherbergi eru í hvorum enda fyrir sig sem gefa góða möguleika á samvinnu. Matsaðilar veittu því sérstaka athygli að oftast var opið inn á deildir úr fataherbergi svo auðvelt var að eiga samskipti við foreldra og einnig starfsfólk annarra deilda. Börn og starfsfólk var greinilega vant þessu fyrirkomulagi og lét það ekki trufla leik sinn eða starf. Fram kom í rýnihóp deildarstjóra og starfsmanna að samstarf milli eldri og yngri deilda væri ekki mikið, þó kæmi fyrir að eldri börnin færu í heimsókn á yngri deildir. Aðstoðarleikskólastjóri nefndi *vinastundir* sem væru samkvæmt skólalagatali nefndir *litadagar*, þá færi yngri deild yfir á eldri deild og öfugt. Ekki kom fram hversu oft þessar vinastundir væru.³⁶ Deildarstjórar sögðu að ekki væri skipulagt samstarf milli yngri deilda utan einstöku sinnum færu börnin í heimsókn yfir á aðrar deildir, þetta sé kallað *flæði*. Í rýnihópum deildarstjóra og starfsmanna kom fram að vísir væri að samvinnu milli eldri deilda en ekki um skipulagt samstarf að ræða. Fram kom að samstarf hefði verið meira fyrir Covid 19 og áhugi væri á að koma þessu samstarfi á aftur.³⁷

Sameiginleg rými eru eins og áður segir þrjú, bjartur fjölnota salur og tvær listasmiðjur/vísindastofur, sem gefa góða möguleika til samskipta og samstarfs. Salurinn sem er tvískiptur, opnanlegur í miðju, er nýttur sem matsalur fyrir allan leikskólann og til hreyfileikja þess á milli. Salurinn er einnig nýttur til stærri funda svo sem foreldrafunda og þar er einnig hægt að vinna með mismunandi stóra barnahópa. Leiðbeiningar um umgengni í matsal eru sýnilegar, á matarborðunum og vegg eru upplýsingar um fæðuofnæmi einstakra barna. Eldhús gegnt matsal stendur opið og eru börnin í góðum tengslum við starfsfólk þess. Matsaðilar urðu vitni að því þegar matráður fékk mikið hrós frá börnunum fyrir plockfiskinn sem boðið var upp á. Eins og áður segir eru listasmiðjur tvær, önnur fyrir yngri deildir og hin fyrir eldri. Á ganginum eru litríkar merkingar, fótspor og línur sem börnin leika sér að fylgja á leið sinni um ganginn, einnig eru myndir af íslenskum dýrum sem þeim finnst gaman er skoða. Sameiginlegt bóka-, spila-, hljóðfæra- og leikfangasafn er á ganginum og er bókakosturinn flokkaður og vel merktur.

Leik- og námsefni á deildum er fjölbreytt og höfðar til allra aldurshópa. Sem dæmi má nefna leikefni til fín- og grófhreyfinga, kubbar af ýmsum gerðum úr tré og plasti, efniviður til hlutverkaleika, dýr, bílar, spil og pússluspil. Á öllum yngri deildum er unnið með *Könnunarleikinn* og elstu börnin á yngri deild eru að byrja að vinna með Könnunaraðferðina sem unnin er á eldri deildum. Í stefnu leikskólans kemur fram að unnin hefur verið *Leikefnistefna Hulduheima*³⁸. Sjá mátti að leikefni er í samræmi við stefnuna en hluta leikefnis mætti yfirfara og endurbæta eins og fram kemur í stefnunni. Leikefni til grófhreyfinga er aðgengilegt í salnum og fara barnahópar reglulega þangað í íþróttir, borðum og stólum er þá rennt fram á gang. Gott skipulag er í listasmiðjum, efniviður vel merktur og umgengni til fyrirmyndar en aðgengi barna að efniviðnum er takmarkaður. Gólfrymi fer mest undir borð og stóla en minna rými er fyrir málaratrönur og möguleika á að vinna við önnur verkefni svo sem ljósaborð, myndvarpa og gólfvinnu.

Samkvæmt dagskipulagi er útivera á hverjum degi. Leiksvæðinu er skipt í tvo hluta með girðingu og er það gert í þeim tilgangi að veita yngri börnunum öryggi á meðan þau eru að aðlagast leiksvæðinu. Hlið er á girðingunni þar sem börnin geta farið á milli svæða og að sögn starfsfólks fer það eftir aðstæðum

36 Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

37 Rýnihópar deildarstjóra og starfsmanna.

38 Heimasiða Hulduheima.

hvort hliðið er opið eða lokað. Á vettvangi sáu matsmenn að hliðið var oft opið og börnin gátu farið á milli að vild. Tveir hólar eru á leiksvæðinu sem veita börnunum yfirsýn yfir allt leiksvæðið og nánasta umhverfi. Umhverfi leikskólans gefur góða möguleika á gönguferðum og náttúruskoðun skógur, hóll, opið leiksvæði og frjálsípróttavöllur er allt í góðu göngufæri fyrir börnin. Að sögn deildarstjóra er nýting þessara svæða fastur liður í starfi leikskólans.³⁹

Starfshættir

Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar skipuleggja og leiða leikskólastarfið. Deildarstjórar bera ábyrgð á gerð og endurskoðun dagskipulags í samvinnu við starfsfólk. Að þeirra sögn er unninn sameiginlegur rammi fyrir allar deildir en að öðru leyti hafa þeir frjálsar hendur um hvernig þeir skipuleggja stundir dagsins hver á sinni deild. Þetta leiðir til þess að nokkur munur er eftir deildum á hvernig dagurinn er skipulagður. Deildarstjórar voru sáttir við þetta fyrirkomulag, sögðu dagskipulagið endurskoðað eftir þörfum og aðlagð barnahópnum hverju sinni. Eftir hádegi alla daga eru deildarstjórar í undirbúningstíma og þá er gert ráð fyrir að starfsfólk starfi samkvæmt dagskipulagi. Að sögn þeirra er tekið tillit til óska starfsmanna varðandi skipulagið á leik og námi barnanna eftir hádegi þegar þeir eru ekki á deildinni. Dagskipulagið er sýnilegt á öllum deildum og skiptist í frjálsan leik, máltíðir, söng- og samverustundir, hópastarf og útiveru. Nánari útfærsla á verkefnum s.s. hópastarfi, söng- og samverustundum er mismunandi eftir deildum og aðlagð hverri deild eins og áður hefur komið fram. Að áliti matsaðila getur slíkt fyrirkomulag hamlað markvissu samstarfi og sameiginlegri vinnu með ákveðin verkefni milli deilda. Á deildum er dagskipulag myndrænt, oft með táknum og í sjónhæð barna en mismunandi uppsett eftir deildum. Leiðbeiningar fyrir starfsfólk svo sem verklag og áherslur sem leikskólinn vinnur eftir eru sýnilegar á veggjum og töflum deilda. Á vettvangi mátti sjá að börnin fengu samfelldan tíma til frjálsra leikja og gátu farið á milli svæða að vild flesta tíma dagsins. Þar sem börnin matast í salnum eru færri borð á deildum og gólfpláss því gott. Eins og fram hefur komið er lögð áhersla á að skipta börnunum í minni hópa, öll svæði voru vel nýtt og börnin nutu sín í leik. Matsaðilar sáu að barnahóparnir dreifðust vel um allan leikskólann og lítið bar á árekstrum eða streitu.

Á öllum deildum eru notaðar mottur og hillur til að afmarka minni leiksvæði og alls staðar er gert ráð fyrir tækifærum til gólfleikja. Í hópastarfi fylgir starfsmaður hverjum hóp þar sem unnið er með ákveðið verkefni. Barnahópurinn dreifist um stofur á deildum, á sameiginleg svæði og einnig fara hópar út á leikvöll og/eða í vettvangsferðir. Sjá mátti áhuga og leikgleði í barnahópnum hvort sem í boði var frjáls leikur eða hópastarf. Í rýnihóp barna kom fram að þeim finnst vera nóg af leikefni, þau hafa val um og leiksvæði í frjálsum leik og við hverja þau leika. Þegar spurt var hvort þau mættu skipta um leiksvæði var það yfirleitt svo en tvö börn sögðu sína reynslu, „við eigum eiginlega ekkert að vera að skipta um svæði“ og „hjá okkur er það ekki þannig“.⁴⁰

Í skólanámskrá segir að leggja skuli áherslu á að vinna með félagsfærni barna og nokkur verkefni styðja við þann þátt. Unnið er markvisst með *agastefnu* sem teymi leikskólakennara vann með aðkomu starfsfólks í þeim tilgangi að samræma aðferðir og orðræðu starfsfólks.⁴¹ Leiðir leikskólans til að auka félagsfærni barna eru að ýta undir jákvæða hegðun þeirra og gefa skýr fyrirmæli með myndrænu skipulagi.⁴² Reglur agastefnunnar eru sýnilegar á veggjum allra deilda. *ART* (e. Aggression Replacement Training) er uppeldisleg aðferðafræði sem styður við félagsfærni, sjálfstjórn og siðferði og er unnið með hana á eldri deildum.⁴³ Leikskólinn innleiddi nýlega á yngri deildir forvarnarverkefnið *Vinátta* sem er liður í því að efla félagsfærni barna.⁴⁴ Þar er unnið er með hugtökin, *umhyggja*, *virðing*, *hugrekki* og *umburðarlyndi* sem eru gerð sýnileg með myndaspjöldum í sjónhæð barnanna. Börnin eru hvött af starfsfólki til að tjá sig á jákvæðan hátt með vinsemd og virðingu. Á vettvangi mátti sjá að samskipti starfsfólks við börnin einkennast af virðingu, umhyggju og hvatningu. Það sat yfirleitt nálægt börnunum við borð eða á gólfi, hvatti þau og leiðbeindi og í flestum tilfellum sýndi það leik þeirra áhuga. Í sumum tilvikum mátti sjá að starfsfólk tók beinan þátt í leik barnanna.

Í viðtölum og rýnihópum starfsmanna komu fram ábendingar um þætti sem æskilegt væri að endurmeta. Tekið var dæmi um of litla samvinna milli deilda, hver deild væri út af fyrir sig, nauðsynlegt væri að samræma dagskipulag deilda og ýmsar áherslur í starfi leikskólans. Ræða þyrfti tilgang og mark-

39 Rýnihópur deildarstjóra.

40 Rýnihópur barna.

41 Heimasíða Hulduheima.

42 Rýnihópur deildarstjóra og heimasíða Hulduheima.

43 ART.

44 Blær og Heimasíða Hulduheima.

mið með hverju verkefni fyrir sig eins og vinnu með Könnunaraðferðina og Lubba verkefnið. Þá komu fram vangaveltur um hvort áherslum leikskólans væri fylgt nægilega vel eftir, hvort það sem skráð er að leikskólinn standi fyrir komi fram í starfinu með börnunum. Fram kom í rýnihópi starfsfólks að deildarstjórar mættu kynna og miðla betur til starfsmanna sinna hvernig og hvers vegna unnið er með Könnunaraðferðina, hvert væri markmiðið með henni og hvaða leiðir ætti að fara. Í þeirra hópi kom einnig fram umræða um þörf fyrir aukna fræðslu fagfólks á fjölbreyttum starfsaðferðum leikskólans.⁴⁵

Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna

Umfjöllun í skólanámskrá leikskólans um lýðræði, jafnrétti og þátttöku barna er tengd grunnþáttum menntunar og daglegum athöfnum í leikskóla.⁴⁶ Í starfsskýrslu er fjallað stuttlega um lýðræði tengt hugmyndafræði John Dewey.⁴⁷ Einkunnarorð leikskólans Virðing, Lýðræði, Samfélag bera vitni um lýðræðislegar áherslur leikskólans. Ekki kemur skýrt fram í skólanámskrá hvernig áhrif og þátttaka barna megi vera í daglegu starfi, t.d. frumkvæði, virk þátttaka í ákvarðanatöku og mótun leikskólastarfsins. Í vettvangsathugun kom í ljós að ekki virðist vera samræmi milli deilda um það hvernig unnið er með lýðræðislega þátttöku barna, hvort og hvernig börnin hafa áhrif á hvaða viðfangsefni eru í boði. Fram kom hjá stjórnendum að ákveðið var að draga úr notkun *valkerfisins* í valstundum en leggja þess í stað meiri áherslu á að börnin fái að velja frjálst hvar þau vilja vera. Útfærslan er mismunandi eftir deildum, frá því að vera með valkerfi tvisvar í viku til þess að sleppa því alveg. Á einni deild þar sem valkerfið hafði alveg verið lagt niður fannst deildarstjóra að börnin hefðu meira úthald í leiknum. Á annarri deild fær eitt barn að velja leikefni fyrir hópinn í hverri valstund og börnin hafa frelsi til að breyta og bæta við leikefni í frjálsum leik. Einu sinni á önn fá börnin að velja matseðil. Fram kom að þau hafa áhrif á efnivið í hópastarfi og hvernig unnið er með hann. Börnin hafa áhrif á efni samverustunda og Könnunaraðferðin býður upp á að þau velji hvaða viðfangsefni er tekið fyrir. Af og til fá þau að velja hvort þau eru úti eða inni. Í innra mati eru börnin spurð með *broskallamati*. Í *lýðræðisstundum* á yngri deildum fá börnin að kjósa um viðfangsefni. Þar er þeim er gefið val um leikefni og leikfélaga og frjálsum leik er gefinn góður tími. Ekki er valkerfi á yngri deildum en stundum fá börnin að velja hvert á að fara í vettvangsferðir og ef þau sýna ekki áhuga á því sem fyrir fram var ákveðið er tekið tillit til þess.⁴⁸

Markvisst er unnið með *Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna* um réttindi barnsins.⁴⁹ Aðstoðarleikskólastjóri sér um kynninguna og hefur í þeim tilgangi unnið námsefni fyrir börnin. Hann fer reglulega inn á allar deildir með námsefnið og kynnir börnum réttindi sín á þann hátt sem þau skilja. Til þess notar hann tvær brúður, andarungann Engilráð á yngri deildir og tröllabréðuna Sæla á eldri deildir. Að hans sögn er markmiðið að kynna sáttmálann, fræða börnin um réttindi sín og um leið að kynnast og tengjast börnum og starfsmönnum. Veggspjald með myndum af áherslum í Barnasáttmálanum er á flestum deildum, yfirleitt í hæð barna og sum orðin nokkuð slitin. Að sögn aðstoðarleikskólastjóra eru fleiri veggspjöld í pöntun sem verða sett upp á hverja deild. Hann sagði börnin áhugasöm og þegar eldri börnin ganga fram hjá skrifstofu hans á leið sinni um ganginn spyrja þau gjarnan um Sæla.⁵⁰ Á einni af eldri deildunum fengu matsaðilar fræðslu um Barnasáttmálann frá einu barni sem nýtti myndir á veggspjaldi við fræðsluna.

Áherslur leikskólans um lýðræði, jafnrétti og þátttöku barna birtust í starfi þá daga sem matsaðilar voru á vettvangi. Sjálfsprottum leik var gefið gott svigrúm, boðið upp á val um leiksvæði og viðfangsefni í frjálsum leik og komið til móts við börnin þegar þau vildu skipta um viðfangsefni. Í matmáls-tímum sóttu börnin hnífapör, skömmtuðu á diskinn sinn og gengu frá á vagninn. Í fataherbergi klæddu eldri börnin sig sjálf en fengu aðstoð ef með þurfti. Á yngri deildum voru börnin hvött til sjálfshjálpar í fataherbergi. Börn í rýnihóp sögðust ekki búa til reglur og voru viss um að það gerði leikskólastjórnin. Aðspurð hvort það væru reglur í leikskólanum sögðu þau að þær væru margar og nefndu nokkrar. „Það má ekki henda bókum á gólfnið og ekki skemma gluggann.“ „Ekki öskra, „bannað að trufla í hvíldinni, það má ekkert í hvíldinni“ bættu þau við. „Ekki fikta í ljósunum, þá verður hamagangur og læti og kennararnir segja, hvað er að gerast.“ Ef einhver gerir eitthvað af sér þá segja þau kennaranum og viðkomandi er skammaður.⁵¹ Að sögn deildarstjóra voru börnin þátttakendur í að móta reglur sem

45 Viðtal við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra, rýnihópa deildarstjóra og starfsmanna.

46 Skólanámskrá Hulduheima.

47 Heimasiða Hulduheima.

48 Viðtal við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra og rýnihóp deildarstjóra.

49 Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna.

50 Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

51 Rýnihópur barna.

tengjast ART verkefninu en aðrar reglur sem snúa að umgengni í leikskólanum hafa þeir sett.⁵² Útivistareglur voru sýnilegar í glugga sem snýr út í garð og eru ætlaðar starfsmönnum.

Námssvið

Námssvið aðalnámskrár leikskóla eru sýnileg í dagskipulagi og á vettvangi mátti sjá þau endurspeglast að miklu leyti í starfi deilda. Ekki er gerð viðunandi grein fyrir námssviðum leikskólans í skólanámskrá. Samkvæmt læsisstefnu Árborgar er gert ráð fyrir að vinna með læsi í víðum skilningi og mátti sjá þess merki hér og þar í starfsemi leikskólans en nokkurs munar gætti milli deilda. Námsumhverfið styður við máltöku og málproska barna en aðferðir við málörvun eru ekki samræmdar í leikskólanum. Stuðst er við námsefnið *Lubbi finnur málbein*⁵³ sem er eitt af áherslupáttum leikskólans.⁵⁴ Á tveimur deildum mátti sjá að unnið var markvisst með Lubba verkefnið en óljóst hvort eða hvernig unnið var með það á öðrum deildum. Í rýnihóp deildarstjóra komu fram mismunandi skoðanir og áhugi fyrir Lubba verkefninu. Að þeirra mati er unnið markvisst með málörvun á öllum deildum en aðferðir væru mismunandi. Matsaðilar eru sammála um að málumhverfi leikskólans er hvetjandi og mátti sjá það og heyra á öllum deildum. Eins og áður segir er læsi og málumhverfi barna ríkulegt. Ritmál er sýnilegt en nokkuð mismunandi eftir deildum. Ritmál í hæð barna er markvisst sett upp á eldri deildum en mætti bæta á yngri deildum. Bókstafir og tölustafir eru á veggjum og gólfi, einnig eru á deildum litríkar mottur með bókstöfum. Bækur voru aðgengilegar á öllum deildum í hæð barna og sjá mátti að þau sækja sér bækur til að fletta, ein eða nokkur saman. Í samverustundum er sungið, lesið og spjallað. Sögupokar með fjölbreyttu efni er á yngri deildum og aðgengilegir starfsmönnum. *Bókaormurinn* er samstarfsverkefni heimilis og skóla, eitt barn fer með skilaboð heim vikulega um að koma með bók að heiman sem er svo lesin á deildinni. *Bókaormurinn* er sýnilegur á veggjum allra deilda og á hann eru festir titlar þeirra bóka sem lesnar hafa verið. Á eldri deild sátu börn og spiluðu á spil með eða án starfsmanns. Skúffur barna á öllum deildum voru merktar með nöfnum þeirra. Loðtafla á einni deild með myndrænum skilaboðum, s.s. nöfn barna, dagskipulag, veðurfar, árstíðir, mánuðir, dagar, ár og fleira tengt daglegum athöfnum er nýtt til þess að fara yfir daginn með börnunum. Óljóst var hvort sambærileg tafla væri notuð á öðrum deildum í sama tilgangi.

Samkvæmt gögnum leikskólans og rýnihóp deildarstjóra er Könnunaraðferðin kennsluáðferð leikskólans á eldri deildum og efnið einfaldað fyrir elsta barnahópinn á yngri deild. Vefur og verkefni Könnunaraðferðarinnar var sýnilegt foreldrum í fataherbergi á einni af eldri deildunum. Á yngri deildum er *Könnunarleikurinn*⁵⁵ á dagskipulagi allra deilda og að sögn deildarstjóra er honum fylgt eftir samkvæmt hugmyndafræðinni. Á hverjum föstudegi er Regnbogadagur þar sem börnin á eldri deildum fara skipulega milli deilda og einnig á sameiginleg svæði. Þar er unnið með fjölbreytt og áhugaverð viðfangsefni sem deildarstjórar skipuleggja. Hver starfsmaður ber ábyrgð á einu svæði, fylgir börnunum á svæðið og leiðbeinir þeim. Sjá mátti að börnin nutu sín í þessum aðstæðum, það ríkti gleði og áhugi og tíminn var nýttur til hins ítrasta. Á vettvangi þennan dag mátti sjá öll námssvið aðalnámskrár birtast og voru viðfangsefnin mörg hver áhugaverð og krefjandi. Á yngri deildum var hópastarf á sama tíma og að sögn starfsfólks er stöku sinnum flæði milli deilda.⁵⁶

Í skólanámskrá er heilbrigði og velferð tengt grunnþáttum menntunar og því lýst hvernig einstaka þættir birtast í athöfnum daglegs starfs. Á vettvangi mátti sjá starfsfólk leggja rækt við jákvæð og uppbyggileg samskipti við börnin og samskipti barnanna einkenndust af jákvæðni og vináttu. Verkefni leikskólans styðja við jákvæð samskipti eins og ART og agastefnan og að sögn deildarstjóra í rýnihóp er verkefnið Vinátta þegar farið að hafa áhrif og voru nefnd dæmi því til stuðnings.⁵⁷ Matsaðilar urðu vitni að jákvæðum og leiðbeinandi samtölum starfsmanna við börnin. Í samtali við leikskólastjóra og matráð kom fram að mikilvægt væri að huga að góðri næringu. Lögð væri áhersla á hollan og fjölbreyttan mat sem er að mestu leyti unninn frá grunni.⁵⁸ Á vettvangi mátti sjá að áhersla var lögð á rólega matmálstíma og vellíðan barna. Þeim var gefinn góður tími til að matast, starfsfólk sat við hvert borð og aðstoðaði ef með þurfti. Börnin fóru í minni hópum í mat og voru þar aldrei öll í einu. Eins og áður hefur komið fram er salurinn tvískiptur, yngri börnin borða saman í öðrum hluta salarins og eldri

52 Rýnihópur deildarstjóra og Heimasíða Hulduheima.

53 Lubbi finnur málbein.

54 Heimasíður Hulduheima og Árborgar

55 Könnunarleikur.

56 Rýnihópar deildarstjóra og starfsmanna.

57 Rýnihópur deildarstjóra.

58 Viðtal við leikskólastjóra og matráð. Skólanámskrá Hulduheima.

í hinum hlutanum. Skipulag við undirbúning matmálstíma er til fyrirmyndar og varir allt frá því börnin fara í frjálsan leik á svæðum og þar til máltíð er lokið og þau fara í hvíld. Skipulagið er byggt upp á ákveðnu flæði sem kemur í veg fyrir of mörg börn á sama stað, á sama tíma sem skapar um leið rólegar aðstæður fyrir börn og starfsfólk.

Meðal þess sem kemur fram í skólanámskrá um *Heilbrigði og velferð* í útivist er mikilvægi þess að gefa börnum tækifæri til að kynnast umhverfi sínu, bera virðingu fyrir því og skapa aðstæður til sköpunar með ýmsu móti. Lögð er áhersla á að börnin njóti útiveru, fái hreyfingu og ferskt loft og að einstaklingsþarfir þeirra séu virtar.⁵⁹ Í leikskólanum fara börnin út á hverjum degi, einu sinni eða oft og eru sjaldan öll í einu á útileiksvæðinu. Minni hópar eru inni í hópastarfi, í vettvangsferðum, á leikvelli eða í samverustund. Áður hefur verið fjallað um vettvangsferðir sem eru liður í útiveru og námi barna. Ekki er unnið markvisst með umhverfismennt samkvæmt skólanámskrá en ferðir út í skóg gefa vísbendingu um að börn fái tækifæri til þekkingarleitar úti í náttúrunni. Einnig kom fram hjá deildarstjóra að áhugi og þekking á útinámi væri til staðar í starfshópnum. Allar deildir hafa aðgang að salnum sem er nýttur til hreyfileikja, rimlar eru á vegg, matarborðum er rennt fram á gang, dýnur og vagn með leiktækjum dreginn fram og leikur og æfingar hefjast með tilheyrandi áhuga og gleði þar sem starfsfólk leiðir og hvetur börnin.

Samkvæmt skólanámskrá er áhersla lögð á sköpun í daglegu starfi, að vinna með fjölbreyttan efnivið sem ýtir undir sköpun og örvar ímyndunarafli barna, meðal annars með því að uppgötva möguleika efniviðarins og fá tækifæri til að skapa á eigin forsendum.⁶⁰ Aðstaða til skapandi starfs er á deildum og í listasmiðjum. Á eldri deildum eru verk eftir börnin þar sem sköpun og frumkvæði þeirra fær að njóta sín. Listasmiðjur gefa góða möguleika fyrir skapandi starf þar sem börnin geta skapað að eigin frumkvæði. Eins og áður hefur komið fram mætti bæta aðgengi barna að efniviði í listasmiðjum í þeim tilgangi að ýta undir frumkvæði, sköpun og ímyndunarafli eins og talað er um í skólanámskrá. Í Könnunaraðferðinni fá börnin tækifæri til skapa sjálfstætt og sýnilega var unnið með ferlið fremur en afurðina.

Vinna með sjálfbærni og vísindi var að nokkru leyti sýnileg þá daga sem matsaðilar voru á vettvangi. Í skólanámskrá segir ekki hverjar áherslur leikskólans eru varðandi þennan þátt. Fjölbreytt úrval kubba er á deildum og meðal þeirra eru *Einingakubbar* (Unid blocks) þar sem tækifæri gefast til að vinna með stærðfræðihugtök og rými. Á Regnbogadeginum var boðið upp á vísindastarf í listasmiðju, starfsmaður með góða þekkingu á efninu leiddi þar vinnu með viðfangsefnið rafmagn og segul. Aðra daga á vettvangi bar minna á leik með vísindi og tilraunir en nokkuð er til af námsgögnum sem var m.a. að finna í listasmiðju. Á útileiksvæði er að því er virðist gamalt útielldhús sem gæti aukið fjölbreytni á leikvellingum en þarfnast mikillar endurnýjunar ef það á að þjóna tilgangi sínum. Ekki er skipulega unnið með vísindi í vettvangsferðum. Leikskólinn er með flokkunarfötur á hverri deild sem börn og starfsfólk nýta samkvæmt reglum. Þessar reglur eru að sögn stjórnenda í samræmi við áherslur sveitarfélagsins um flokkun.

Tónlist var einna helst að sjá í samverustundum þar sem sungið var saman og á einni deild var spilað á gítar þá daga sem matsaðilar voru á vettvangi. Á Regnbogadeginum var boðið upp á hljóðfæri þar sem spilað var af krafti og gleði á ýmis ásláttarhljóðfæri en ágætt hljóðfærasafn er á gangi leikskólans. Ekki kemur fram í skólanámskrá hvort unnið er markvisst með tónlist og hljóðfæri. Fram kom í rýnihóp starfsfólks að áhugi og þekking væri í starfshópnum til að vinna markvissar með þennan þátt.⁶¹

Velferð og líðan barna

Andrúmsloft leikskólans einkennist af virðingu, umhyggju og jákvæðu viðmóti. Matsaðilar sáu glöð og áhugasöm börn sem áttu í góðum samskiptum. Starfsfólk var til staðar fyrir börnin, sýndi þolinmæði í samskiptum og veitti þeim hvatningu og stuðning. Í rýnihóp barna sögðust þau alltaf vera glöð í leikskólanum og ef þeim liði illa segðu þau kennaranum það. Þegar spurt var hvort einhver væri að stríða sögðu þau svo ekki vera en við nánari umhugsun voru ekki allir sammála, flest sögðu að svo væri ekki og ef einhver stríðir er sá hinn sami skammaður. Skemmtilegast væri að leika við vini sína, leika í

59 Skólanámskrá Hulduheima.

60 Skólanámskrá Hulduheima

61 Rýnihópur starfsmanna.

Póni, lita, vera úti, fara upp á hól og út í skóg. Þau sögðu kastalann vera stóran og að það væri gaman í honum. Þegar spurt var um kennarana sögðu þau þá vera skemmtilega, þeir hrósi þeim og segi að þau séu dugleg. Þeir spila með þeim á spil og stundum leika þeir með þeim í dótinu. Í umræðum um fæðið kom í ljós og þeim fannst maturinn stundum góður og stundum vondur og það sem þau vilja helst í matinn er grjónagrautur og slátur. Þegar farið var yfir tölu- og bókstafi þekktu þau þá lang flesta, þau þekktu stafina í nafninu sínu og sum þeirra gátu stafað nafnið sitt.⁶²

Mat á námi og velferð barna

Við mati á námi og framförum barna eru notuð viðurkennd matstæki, *Hljóm-2* sem kannar hljóð- og málvitund og er lagt árlega fyrir elstu börnin. *TRAS skráningarlisti* (n:Tíðlig registrering av språkutvikling) er fyrir börn á aldrinum tveggja til fimm ára. *Orðaskil-málþroskalisti* sem er málþroskaskimun fyrir börn á aldrinum eins og hálfis árs til þriggja ára. *Íslenski þroskalistinn* sem metur þroska þriggja til sex ára barna, *Smábarnalistinn* sem metur mál- og hreyfingþroska 15 til 38 ára mánaða barna og *AEPS (n:Assesment, Evaluation, and Programming System for Infants and children)* sem er færnimiðað matstæki, lagt fyrir börn ef áhyggjur vakna um óeðlilega framvindu í þroska. Á heimasíðu leikskólans er slóð þar sem finna má almennar upplýsingar um sérfræðiþjónustu leikskólans og vísað í lög og aðalnámskrá leikskóla, ekki er getið um aðrar upplýsingar um sérkennslu í leikskólanum.

Í leikskólanum fara ekki fram uppeldislegar skráningar á námi og framförum allra barna, þau setja sér ekki markmið með námi sínu eða meta framfarir sínar. Í viðtölum við stjórnendur og deildarstjóra kom fram að einu sinni á ári meta börnin þætti eins og samskipti og líðan með því að svara ákveðnum spurningum með brosköllum, kallað broskallamat í gögnum leikskólans. Niðurstöður úr broskallamati eru nýttar í umbótaáætlun.⁶³ Fyrir foreldraviðtöl fara fram umræður á deildarfundum um stöðu barnsins og fylltur er út *Þroskalisti* sem gerður er af starfsfólki leikskólans, þar eru metnar framfarir barnsins, staða þess, styrkleikar og líðan.⁶⁴ Mat á samskiptafærni barna er unnið af deildarstjórum fyrir foreldraviðtöl. Mætt er óskum foreldra um mat á einstaka þáttum í þroska og framförum barna. Í foreldraviðtölum er farið yfir Þroskalistann og rætt um stöðu og framfarir barnsins.⁶⁵

Styrkleikar

- Námsumhverfið er vel skipulagt, fjölbreytt og hvetjandi, vekur áhuga barnanna og áherslur leikskólans endurspeglast í starfi með börnunum. Nýting á fjölnota sal er góð, salurinn vel skipulagður og umgengni góð. Efniviður og kennslugögn í listasmiðjum eru fjölbreytt, vel skipulögð, umgengni góð og aðgengileg starfsmönnum.
- Samskipti starfsmanna og viðmót við börnin einkennast af virðingu, jákvæðni og hvatningu.
- Frjáls leikur fær góðan samfelldan tíma þar sem börnin hafa val um leikefni og leiksvæði. Börnin eru glöð og áhugasöm og finnst gaman í leikskólanum.
- Verkefni tengd félagsfærni endurspeglast í starfinu.
- Námsumhverfi styður við máltöku og málþroska barna, bækur og ritmál eru í hæð barna.
- Allt skipulag í kringum matmálstíma er til fyrirmyndar.
- Leikefni til hreyfileikja í sal eru fjölbreytt, viðfangsefni sem starfsfólk leiðir eru krefjandi og vekja áhuga barnanna.
- Námsvið aðalnámskrár leikskóla birtast í áhugaverðum og krefjandi viðfangsefnum á Regnbogadegi.
- Börnin taka þátt í að meta samskipti sín og líðan með broskallamati og niðurstöður nýttar í umbótaáætlun.

62 Rýnihópur barna.

63 Viðtöl við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og rýnihóp deildarstjóra.

64 Upplýsingar frá leikskólastjórum.

65 Rýnihópur deildarstjóra.

Tækifæri til umbóta

- Leita ætti leiða til að auka samstarf milli deilda í samræmi við áherslur leikskólans.
- Æskilegt er að endurmeta og yfirfara leikefni leikskólans í samræmi við *Leikefnisstefnu Hulduheima*.
- Nauðsynlegt er að taka til umræðu, ákveða og samræma áherslur leikskólans um málörvun, þar með talið vinnu með *Lubbi finnur málbein*.
- Auka ætti aðgengi barna að fjölbreyttu skapandi starfi í listaskálum, endurskipuleggja nýtingu rýmisins og styrkja á þann hátt frumkvæði þeirra og sköpunargleði.
- Leita ætti leiða til að gera tónlist og vísindi meira sýnileg í starfi leikskólans.
- Skoða ætti óskir starfsfólks um fræðslu og leiðbeiningar frá fagfólki á starfsaðferðum leikskólans.
- Taka ætti upp uppeldislegar skráningar á námi og framförum allra barna.
- Skoða ætti leiðir til að börn geti metið nám sitt og sett sér markmið.
- Skoða ætti hvort auka mætti fjölbreytni á útisvæði leikskólans með því til dæmis að endurnýja útielhdús og ræktunarkassa.
- Gera ætti könnun á áhuga og þekkingu/færni starfsmanna í þeim tilgangi að nýta styrkleika þeirra í daglegu starfi.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Pátttaka foreldra og upplýsingamiðlun

Á heimasíðu Hulduheima og í skólanámskrá koma ekki fram áherslur leikskólans í foreldrasamstarfi.⁶⁶ Samkvæmt upplýsingum frá leikskólastjóra er haldinn kynningarfundur að hausti. Sérfræðingar frá skólaþjónustu eru boðaðir á fundinn og túlkar eftir því sem við á. Til er móttökuáætlun fyrir börn í leikskólanum, áætlunin er ekki birt á heimasíðu en matsaðilar fengu gögn sem staðfestu þessar upplýsingar.⁶⁷ Mánaðarlega senda deildarstjórar foreldrum fréttabréf á fésbókarsíðu foreldra, utan á einni deild sem sendir fréttabréf vikulega. Á upplýsingatöflu í fataherbergi eru skráð helstu viðfangsefni og viðburðir dagsins. Einnig er hringt í foreldra vegna minni erinda. Hjá einum deildarstjóra kom fram að hann velji frekar að hringja en senda skilaboð.⁶⁸ Foreldrar í rýnihópi voru almennt ánægðir með samstarf við leikskólann og lýstu ánægju sinni með fésbókarsíðu/tölvupóst deilda og Völu. Einnig var ánægja með myndir og upplýsingar um hvernig dagurinn gekk fyrir sig og símtöl til að ræða einstök mál eða tryggja að foreldrar fái rétt skilaboð varðandi barnið. Vel væri tekið í ábendingar frá foreldrum og þeir fái skýr svör við spurningum sínum. Foreldrar voru ánægðir með kynningarfund sem haldinn er á haustin en sögðust lítið fara á heimasíðu leikskólans, helst væri það til þess að skoða matseðil, myndir af starfsmönnum og skóladagatalið. Þeir fá tölvupóst frá leikskólastjóra sem þekkir alla foreldra og væri sýnilegur þegar komið er í leikskólann og einnig í lok dags. Foreldrar sögðust hvattir til að koma í leikskólann, sjá starfið og kynnast því. Ánægja var með foreldraviðtöl sem eru tvisvar á ári þar sem þeim gefst tækifæri til að fylgjast með framförum barnsins. Í fyrra viðtalinu er farið yfir þroska- matseyðublað með foreldrum. Í óformlegra seinna viðtæli væri rætt um framfarir barnsins út frá fyrrgreindu matsblaði. Alltaf væri tekið vel í óskir foreldra.⁶⁹

Viðhorf foreldra

Foreldrar í rýnihóp þekktu hugmyndafræði, áherslur og einkunnarorð leikskólans. Þeir voru sáttir við áherslur og starfsaðferðir leikskólans og nefndu Könnunaraðferðina, Blæ, Lubba og Barnasáttmálann. Almenn ánægja var með samskipti starfsmanna við foreldra, þeir sögðu vel tekið á móti börnunum á morgnana þeim sýndur áhugi og hverju barna fagnað. Samvinnan væri góð við starfsfólk og orðræðan einnig. Börnunum liði vel, þau væru glöð og áhugasöm og finnst gaman í leikskólanum svo oft væri erfitt að ná þeim heim. Foreldrar voru ánægðir með andrúmsloftið í leikskólanum, sögðu að þar rétti virðing og gleði og sögðu metnað lagðan í það að gera vel. Börnin koma heim með þekkingu sem þau miðla til foreldra sinna sem sögðust sjá framfarir hjá börnum sínum: „Þau eru að læra,“ sagði eitt foreldrið. Fram kom ánægja með Lubbastarfið sem meðal annars skilaði sér heim í því að börnin kenna foreldrum sínum ný orð. Í leikskólanum er komið til móts við þarfir allra barna, með áhugaverðum og krefjandi verkefnum sem standa yfir í lengri tíma. Þau fái næga örvun og ekki beri á leiða hjá elstu börnunum. Foreldrar sögðu að starfsfólk væri duglegt að fara í vettvangsferðir og nefndu dæmi um hvert væri farið: út í skóg, í höllina og á löggustöðina. Þeir voru sammála því að húsnæði og aðbúnaður í leikskólanum væri góður en skiptar skoðanir voru á aðbúnaði á útileiksvæðinu, svo sem að leiksvæðið væri ekki nógu grænt, einstaka leiktæki þyrftu viðhald og stóri kastalinn væri of hár fyrir lítil börn. Flestir þátttakendur í rýnihópi sögðust vera ósáttir við bílastæðin.⁷⁰

Nokkrar ábendingar komu fram um það sem betur mætti fara, meðal þess voru tölvupóstar frá leikskólastjóra er varða vetrarfrí og vinnustyttingu þar sem óskað væri eftir því að hafa börnin heima og/eða sækja þau fyrr. Þeir póstar væru of margir, klaufalega orðaðir og foreldrar upplifðu þá sem pressu. Einnig voru nefnd frí milli jóla og nýárs, foreldrum fannst það vera þeirra að láta vita hvort börnin væru í fríi frekar en að leikskólinn spyrji þau. Þeir töluðu um að mikilvægt væri að samræma slíkar upplýsingar/aðferðir fyrir alla leikskóla í Árborg en sögðu það mismunandi í dag. Umræður urðu um veikindi starfsmanna á deildum og spurt hvort ekki væri samstarf milli deilda, hvort starfsfólk hjálpist ekki að. Í veikindum vita foreldrar ekki hverjir eru að vinna á deildinni og þætti gott að fá sendar upplýsingar í tölvupósti um það. Einnig kom fram að upplýsingar um barnið komist ekki alltaf til skila þar sem skilað er á annarri deild í lok dags. Niðurstöður úr foreldrakönnun Skólalátsins frá 2022 sýna að almennt eru

66 Heimasíða Hulduheima.

67 Viðtal við leikskólastjóra og gögn frá leikskólastjóra.

68 Rýnihópur deildarstjóra.

69 Rýnihópar deildarstjóra og foreldra.

70 Rýnihópur foreldra.

foreldrar frekar ánægðir með stefnu og starfsemi leikskólans, samstarf, viðmót og almenn ánægja var með líðan barna í leikskólanum.⁷¹ Á nokkrum þáttum í könnuninni var ánægja með leikskólann undir meðaltali á landsvísu.

Foreldraráð og foreldrafélag er starfandi við leikskólann og fram kom hjá formanni foreldraráðs að hefð væri fyrir því að sama fólkið sitji bæði fyrir ráðið og félagið. Kosið er á haustfundi í foreldraráð og að sögn foreldra er mæting þar ekki góð en hingað til hefur það gengið að fá foreldra til starfa í foreldraráði og foreldrafélagi. Foreldraráð og foreldrafélagið eru með fésbókarsíðu þar sem fundir eru auglýstir. Á heimasíðu leikskólans er hlekkur merktur *Foreldrastarf í Hulduheimum*. Þar er fjallað um hlutverk foreldraráðs samkvæmt lögum, einnig hlutverk og verkefni foreldrafélagsins. Þar koma fram nöfn þeirra sem skipa foreldraráðið og foreldrafélagið og eru þau átta talsins.⁷² Starfsáætlun foreldraráðs og fundargerðir er ekki að finna á heimasíðu en fundargerðir eru skrifaðar og sendar leikskólastjóra sem á að setja þær á heimasíðuna. Ekki er send út dagskrá fyrir foreldraráðsfundi. Foreldraráð les yfir starfsáætlun og samþykkir. Leikskólastjóri situr fundi ráðsins einu sinni á önn, vor og haust og á þeim fundum eru tekin upp einstök mál frá leikskólastjóra eða foreldraráði. Fram kom að vel er tekið í málefni sem foreldrar bera fram og brugðist fljótt við. Foreldrar í leikskólanum geta leitað til ráðsins með mál sem þeir vilja koma á framfæri.⁷³ Að sögn leikskólastjóra er leitað til foreldraráðs eftir tillögum um verkefni fyrir leikskólann.⁷⁴

Samkvæmt upplýsingum frá foreldrum er hlutverk foreldrafélagsins að gefa leikskólanum gjafir s.s. vorgjafir og gjafir á afmæli leikskólans. Foreldrar greiða árgjald í sjóð og markmiðið með honum er að gera eitthvað ákveðið á hverju ári fyrir þau börn sem eru í leikskólanum. Vegna Covid 19 faraldursins var lítið um kaup á skemmtiefni fyrir börnin svo sem leiksýningar eða ferðir og gaf félagið því leikskólanum hjól í garðinn á síðasta ári. Félagið skipuleggur og greiðir fyrir myndatöku af börnunum annað hvert ár, stendur fyrir jólaballi og hefur haldið námskeið fyrir foreldra svo sem skyndihjálpanámskeið, námskeið um læsi og um svefn barna. Foreldrafélagið sér um sumarhátíðir og kveðjugjöf til útskriftarnemenda.⁷⁵

Samstarf við grunnskóla

Formlegt samstarf er milli leik- og grunnskólanna í Árborg og starfandi er faghópur í sveitarfélagi Árborgar og kallast hann *Brúum bilið*. Á heimasíðu leikskólans eru nánari upplýsingar um áherslur og skipulag. Faghópurinn fundar reglulega yfir skólaárið, skipuleggur og endurmetur samstarfið. Gagnkvæmt samstarf er milli kennara skólastiganna, nemendur fyrsta bekkjar grunnskólans heimsækja leikskólann sinn og elstu börn leikskólans heimsækja grunnskólana og frístund, fylgjast með skólasundi og taka þátt í íþróttum. Í apríl er *Vorskóli* sem stendur yfir í þrjú daga. Ekki kemur fram hvað fer fram á þessum dögum annað en að skólastjórnendur og starfsfólk skólans taka á móti börnunum.⁷⁶

Annað samstarf

Í samtali við leikskólastjóra og rýnihóp deildarstjóra kom fram að ekki er mikið um skipulagt samstarf við grenndarsamfélagið. Fyrir utan gagnkvæmt samstarf leik- og grunnskóla hefur leikskólinn aðgang að Íþróttahöllinni einu sinni í viku. Samstarf er við Fjölbautaskóla Suðurlands með því að nemendur á starfsbraut og uppeldisbraut koma reglulega í starfskynningu. Á degi íslenskrar tungu koma nemendur grunnskólans og lesa fyrir börnin. Óformlegt samstarf er við tónlistarskólann, bókasafnið er heimsótt og heimsóknir eru í aðra leikskóla.⁷⁷

Styrkleikar

- Foreldrar eru jákvæðir í ummælum sínum um leikskólann og vel er staðið að upplýsingamiðlun til þeirra.
- Foreldrar þekkja einkunnarorð, hugmyndafræði og áherslur leikskólans.
- Foreldrum gefst tækifæri á að fylgjast með námi barna sinna.

71 Gögn frá aðstoðarleikskólastjóra.

72 Heimasíða Hulduheima.

73 Rýnihópur foreldra.

74 Viðtal við leikskólastjóra.

75 Rýnihópur foreldra.

76 Heimasíða Hulduheima.

77 Viðtöl við leikskólastjóra og rýnihóp deildarstjóra.

- Foreldraráð og foreldrafélag er starfandi við leikskólann sem styðja við og eru virkir þátttakendur í leikskólastarfinu.
- Formlegt samstarf er milli leik- og grunnskóla og starfandi er faghópur hjá sveitarfélaginu er nefndist Brúum bilið.
- Samstarf er við Fjölbrotaskóla Suðurlands þar sem nemendur fá starfskynningu í leikskólanum.

Tækifæri til umbóta

- Áherslur leikskólans um foreldrasamstarf þurfa að liggja fyrir og vera sýnilegar á heimasíðu leikskólans.
- Æskilegt væri að leikskólinn hefði bækling eða upplýsingar á heimasíðu fyrir foreldra um upphaf leikskólagöngu.
- Foreldraráð þarf að vinna starfsáætlun og birta á heimasíðu leikskólans ásamt fundargerðum ráðsins.
- Rýna ætti þá þætti þar sem leikskólinn er undir meðaltali á landsvísu í foreldrakönnun og leita leiða til úrbóta.
- Skoða ætti ábendingar foreldra um tölvupósta frá leikskólanum og samræmingu upplýsinga milli leikskóla sveitarfélagsins.

Skóli án aðgreiningar

Skólalþjónusta og sérkennsla

Í leikskólanum starfar sérkennslustjóri í 80% starfi sem hefur ábyrgð og umsjón með sérkennslu. Sérkennslustjóri er í stjórnunarteymi leikskólans. Hún stýrir teymisvinnu sérkennsluteymis, gerir einstaklingsnámskrár í samvinnu við stuðningsaðila viðkomandi barns, fylgir eftir skráningum á þjálfun út frá einstaklingsnámskrám og leiðbeinir starfsmönnum. Aðrir í sérkennsluteymi eru iðjubjálfi, félags- og fötlunarfræðingur og þroskabjálfi. Tveir fyrrnefndu sjá um kennslu og þjálfun tveggja barna sem eru með 100% stuðning en þroskabjálfi leysir þá af í undirbúningstímum og sinnir auk þess stuðningi á deildum. Sérkennslustjóri skipuleggur vinnu í kringum börn með stuðning í samvinnu við fyrrgreint starfsfólk. Lögð er áhersla á að sérkennslan fari sem mest fram á deildum og að börnin taki þátt í leik og starfi á sínum forsendum. Veitt er einstaklingsþjálfun utan deildar eftir þörfum. Reglulegt formlegt samstarf er ekki milli sérkennslustjóra og deildarstjóra en samkvæmt sérkennslustjóra reyna þeir að hittast einu sinni til tvisvar í viku. Hún nefndi einnig að deildarstjórar ræði við sig þar fyrir utan eftir þörfum.⁷⁸ Að sögn deildarstjóra er sérkennslustjóri áhugasamur um að fræða starfsfólk. Mismunandi er eftir deildum og aðstæðum hvernig mál eru leyst þegar stuðningsaðili er fjarverandi. Á einni deild taka allir þátt í að leysa af, á annarri er það deildarstjórinn sem leysir af. Umræður urðu meðal deildarstjóra í rýnihópi um snemmtæka íhlutun um það hver fyrstu skref ættu að vera. Þeir vildu sjá að fyrr væri brugðist við þegar grunur vaknar og finnst vanta ferli til að vinna eftir. Samkvæmt upplýsingum sérkennslustjóra er til skilgreint verklag ef áhyggjur vakna af þroska, hegðun eða líðan barns. Matsaðilar fengu gögn frá honum sem staðfesta þetta. Fram kom hjá deildarstjórum að þeir vilja að þroskabjálfi og iðjubjálfi nýtist betur í starfi á deildum en skilgreindu það ekki nánar.⁷⁹ Sérkennslustjóri upplýsir starfsfólk deilda um þroskafrávik barna, þjálfun og kennslu þeirra og lögð er áhersla á að allir þekki og geti tekið þátt í að vinna með barninu, t.d. í útiveru og matmálastímum. Metið er hverju sinni hvaða upplýsingar eru gefnar um frávik barna en í sumum tilfellum, til dæmis flogaveiki, fá allir upplýsingar til að geta brugðist rétt við. Í rýnihóp starfsfólks kom fram að það fær upplýsingar um börn á sinni deild en ekki um börn á öðrum deildum. Starfsfólk sagði að gott væri að leita til sérkennslustjóra. Fram kom að þeir höfðu ekki fengið fræðslu eða námskeið um fötlun eða frávik barna.⁸⁰

Hjá sveitarfélaginu er starfandi *ráðgjafateymi* vegna sérkennslu í leik- og grunnskólum. Í teyminu eru: sálfræðingur, leikskólaráðgjafi, félagsráðgjafi og ráðgjafaþroskabjálfi vegna snemmtækra íhlutunar. Í þjónustuteymi fyrir börn sem njóta stuðnings (sérkennslubörn) sitja foreldrar, sérkennslustjóri, sérkennari barnsins, deildarstjóri, ráðgjafaþroskabjálfi og aðrir ráðgjafar frá fjölskyldusviði Árborgar ef með þarf sem tengiliðir við foreldra. Teymisfundir eru haldnir reglulega á sex vikna fresti. Öll sérkennslubörn eru með einstaklingsáætlun sem unnin er af sérkennslustjóra og stuðningsaðilum. Foreldrar fá sendar einstaklingsáætlanir og hafa tækifæri til að koma með athugasemdir eða ábendingar. Einstaklingsáætlanir eru metnar á sex mánaða fresti eða oftast eftir þörfum. Samskiptabækur eru fyrir þau börn sem þess þurfa. Ef þörf er á aðkomu sérfræðinga af fjölskyldusviði Árborgar er farið yfir málið á *ráðgjafateymisfundum* og fyllir sérkennsluráðgjafi út beiðni í samráði við foreldra og deildarstjóra.⁸¹

Leikskólaráðgjafi hefur umsjón með öllu samstarfi er varðar sérkennslubörn, skipuleggur og boðar fundi.⁸² Talmeinafræðingur, sálfræðingur og leikskólaráðgjafi koma reglulega í leikskólann og fylgjast með ef óskað er. Leikskólinn og foreldrar geta leitað til iðjubjálfa hjá heilsugæslu Árborgar og einnig er hægt að hafa sambandi við hjúkrunarfræðing í ungubarnaeftirlitinu. Sérkennsluráðgjafi sagðist eiga í góðu samstarfi við sérfræðinga á fjölskyldusviði, að þetta væri þétt net sem veitir leikskólanum góðan stuðning. Fram kom hjá foreldrum að samstarf við sérkennslustjóra væri gott, góð eftirfylgni væri af hans hálfu. Strax og niðurstöður liggja fyrir úr greiningum er hringt í foreldra og þeir upplýstir um stöðuna.⁸³ Það er mat matsaðila út frá viðtölum við stjórnendur og starfsfólk auk fyrirbyggjandi gagna á heimasíðu leikskólans og sveitarfélags að sveitarfélagið standi vel að stuðningi og þjónustu við leikskólana.

78 Viðtal við sérkennslustjóra.

79 Rýnihópur deildarstjóra.

80 Rýnihópur starfsmanna og viðtal við sérkennslustjóra.

81 Gögn frá sérkennslustjóra.

82 Viðtal við sérkennslustjóra.

83 Rýnihópur foreldra.

Börn með annað móðurmál en íslensku

Í leikskólanum eru níu börn sem eiga annað móðurmál en íslensku. Sveitarfélagið Árborg stofnaði Fjölmenningatrymi árið 2015 sem vinnur að áætlunargerð og stefnumótun fyrir fjöltyngda nemendur skólanna og fjölskyldur þeirra. Teymið er skipað fulltrúum frá öllum leik- og grunnskólum sveitarfélagsins, fulltrúum frá skólakjónustunni, félagsþjónustunni og Fjölbrotaskóla Suðurlands.⁸⁴ Hjá sveitarfélaginu starfar ráðgjafi vegna þessa málaflokks fyrir leik- og grunnskóla og er einnig tengiliður við börn og foreldra þeirra. Fram kom í viðtölum við stjórnendur leikskólans að hjá sveitarfélaginu er til áætlun fyrir leikskóla sveitarfélagsins um móttöku barna sem eiga annað móðurmál en íslensku. Á kynningarfundum leikskólans að hausti er foreldrum boðið upp á tálkaþjónustu á vegum sveitarfélagsins. Þá hefur leikskólinn aðgengi að símatúlkun og einnig *Teams* þegar það hentar. Börn sem eiga annað móðurmál en íslensku fá málörvun ýmist ein eða í minni hópum. Mappa með ljósmyndum af verkum sem börnin eru að vinna liggur frammi fyrir foreldra.⁸⁵ Eins og áður hefur komið fram er málumhverfi leikskólans ríkulegt, dagskipulag er myndrænt og tölu- og bókstafir í hæð barna. Aðlögunarferli leikskólans er á íslensku og eins og áður hefur komið fram er aðgengi að tálkaþjónustu góð. Á heimasíðu leikskólans er að finna nokkrar upplýsingar á ensku og samkvæmt stjórnendum eru fréttatilkynningar í sumum tilfellum þýddar á sama tungumál. Almennar upplýsingar á fleiri tungumálum er ekki að finna á heimasíðu leikskólans.

Á vettvangi bar ekki á að unnið væri sérstaklega með heimamenningu barna og í skólanámskrá koma ekki fram áherslur um heimamenningu allra barna. Að sögn deildarstjóra á yngri deild er farið í gönguferðir þar sem hús hvers barns er heimsótt og verkefnið Bókaorminn tengir saman heimili og skóla.

Styrkleikar

- Sérkennslustjóri er starfandi við leikskólann, hann ber ábyrgð á sérkennslu, sér um gerð einstaklingsnámskráa, leiðbeinir starfsmönnum og er tengiliður við sérfræðinga á fjölskyldusviði Árborgar.
- Verkferill er til ef grunur vaknar um þroskafrávik hjá barni.
- Myndað er teymi um sérkennslubörn, teymisfundir haldnir reglulega og einstaklingsnámskrá er unnin í samráði við stuðningsaðila og lesin yfir af foreldrum.
- Gott samstarf er við þverfaglegan hóp sérfræðinga á fjölskyldusviði Árborgar sem fundar reglulega með deildarstjórum og sérkennsluráðgjafa í leikskólanum.
- Til er móttökuáætlun fyrir foreldra og börn með annað móðurmál en íslensku og ráðgjafi hjá sveitarfélaginu sinnir hlutverki tengiliðs við þennan hóp.
- Boðið er upp á tálkaþjónustu fyrir foreldra sem þess þarfnast.

Tækifæri til umbóta

- Æskilegt er að taka upp samræðu milli deildarstjóra og sérkennslustjóra um snemmtæka íhlutun og framkvæmd sérkennslu á deildum.
- Sjá ætti til þess að foreldrar taki þátt í gerð einstaklingsnámskrár fyrir sitt barn.
- Gott væri að hafa þátttökuáætlun og kynningarbækling fyrir foreldra á fleiri tungumálum en íslensku.
- Æskilegt væri að hafa almennar upplýsingar á heimasíðu á fleiri tungumálum en íslensku.

⁸⁴ Heimasíða Árborgar.

⁸⁵ Viðtal við leikskólalastjóra, aðstoðarleikskólalastjóra og sérkennslustjóra.

Innra mat

Skipulag og viðfangsefni

Ekki hefur verið stofnað matsteymi í leikskólanum en ábyrgð á framkvæmd mats er hjá aðstoðarleikskólastjóra. Áhersla og forgangsröðum á innra mati er að mestu hjá aðstoðarleikskólastjóra en hugmyndir eru bornar undir deildarstjórafundum. Auk þess er leitað eftir hugmyndum frá starfsfólki varðandi hvaða þætti væri æskilegt að meta. Í leikskólanum er áætlun um innra mat fyrir skólaárið 2021–2022.⁸⁶ Í leikskólanum er til matsáætlun til fleiri ára.

Gagnaöflun og vinnubrögð

Í áætlun fyrir innra mat eru talin upp þau atriði sem ætlunin er að meta, viðmið/markmið, hvernig á að meta og hvenær og hverjir meta. Ekki er settur ábyrgðarmaður yfir hvern matsþátt. Vinna við innra mat fer fram á deildarfundum undir stjórn deildarstjóra og á deildarstjórafundum. Á skipulagsdögum vinnur starfsfólk sameiginlega að mati á skólastarfinu. Í innra mati leikskólans eru notaðir heimatilbúnir matslistar sem byggja á áherslum leikskólans, þessir listar eru unnir af aðstoðarleikskólastjóra. Starfsfólk hverrar deildar ræðir spurningar matslistanna. Farið er yfir niðurstöður á deildarstjórafundum og niðurstaða þeirrar umræðu síðan tekin fyrir á deildarfundum. Aðstoðarleikskólastjóri vinnur síðan endanlegar niðurstöður og ber þær undir deildarstjórafund til samþykktar. Niðurstöður úr foreldra- og starfsmannakönnunum eru nýttar í innra mati. Broskarlaspurningar er lagðar fyrir börnin og niðurstöður þeirra nýttar í innra mati. Deildarstjórar ígrunda starf sitt í undirbúningstímum og farið er yfir niðurstöður þeirra og þær nýttar í innra mati. Sem dæmi um efni sem er ígrundað er í undirbúningstíma er: skapandi starf í hópastarfi og stærð hópa. Í starfsmannasamtölum er rætt um hvernig og hvort starfsfólk ígrundi starf sitt og þessi þáttur hefur stundum verið hluti af mati deilda.⁸⁷

Opinber birting og umbætur

Niðurstöður úr innra mati eru kynntar starfsfólki og birtar í starfsáætlun sem er aðgengileg á heimasíðu leikskólans.

Styrkleikar

- Í leikskólanum er til matsáætlun fyrir skólaárið og matsáætlun til fleiri ára.
- Ábyrgð á áherslum og forgangsröðum fyrir innra mat er í höndum aðstoðarleikskólastjóra sem leitar eftir hugmyndum deildarstjóra og starfsfólks.
- Innra mat er unnið á deildarfundum, skipulagsdögum og deildarstjórar ígrunda starf sitt í undirbúningstímum. Nýttar eru niðurstöður úr foreldra- og starfsmannakönnunum og broskarlakönnunum barna.
- Niðurstöður úr innra mati eru birtar á heimasíðu.

Tækifæri til umbóta

- Tilgreina ætti ábyrgðaraðila fyrir hverjum matsþætti og hvernig gagna á að afla.
- Stofna matsteymi í leikskólanum.
- Meta stefnu leikskólans og markmið markvisst og reglubundið og skilgreina viðmið um gæði og árangur.
- Huga að aðkomu foreldraráðs í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati.
- Efla mat og ígrundun starfsfólks á eigin starfsháttum í daglegu starfi.
- Birta greinargerðir um innra matið á heimasíðu leikskólans þar sem fram koma upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður og greining á styrkleikum og tækifærum til umbóta

86 Viðtal við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra.

87 Starfskýrsla, viðtöl við leikskólastóra og aðstoðarleikskólastjóra.

Samantekt matsþátta

Niðurstöður matsins eru settar fram á myndrænan hátt með lituðum kvarða.

A > 3,6 – 4 = grænt – Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

B > 2,6 – 3,5 = ljósgrænt – Fleiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

C > 1,6 – 2,5 = gult – Fleiri veikleikar en styrkleikar. Einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.

D > 1,0 – 1,5 = rautt – Mikil umbótaþörf í flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægu þáttum.

Stjórnun	Uppeldis og menntastarf	Leikskólabragur	Foreldrasamstarf	Innra mat
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur	Skipulag náms og náms-aðstæður	Viðmót og menning	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Uppeldi, menntun og starfshættir	Velferð og líðan barna	Viðhorf foreldra	Gagnasöfnun og vinnubrögð
Stjórnun og daglegur rekstur	Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Hlutverk leikskólakennara		Opinber birting og umbætur
Faglegt samstarf	Námssvið leikskólans	Fagmennska starfsfólks		
Leikskólaþróun og símenntun	Leikskóli án aðgreiningar	Starfsánægja		
	Mat á námi og velferð barna			

Samantekt

Í þessari skýrslu eru eftirfarandi þættir metnir í starfi leikskólans Hulduheima: leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, mat á námi og velferð barna, skólabragur og samskipti, velferð og líðan barna, foreldrasamvinna og ytri tengsl, skóli án aðgreiningar, innra mat. Áhersla úttektarinnar fólst í að leggja mat á hvort starfsemi leikskólans væri í samræmi við ákvæði laga og reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Í lok hvers kafla hefur verið gerð grein fyrir styrkleikum leikskólans og hvar tækifæri liggja til úrbóta. Hér á eftir er heildarmat sett fram á sama hátt.

Styrkleikar

- Húsnæði leikskólans er mjög rúmgott, vel skipulagt og snyrtilegt og uppfyllir skilyrði varðandi rými leikskólahúsnæðis í lögum um leikskóla nr. 90/2008.
- Útileiksvæði er stórt, vel skipulagt, búið sæmilega góðum leiktækjum og býður upp á nokkuð fjölbreytta möguleika til náms og leiks.
- Leikskólinn vinnur samkvæmt ákveðinni hugmyndafræði, hefur sett sér einkunnarorð og markmið sem samræmast áherslum sveitarfélagsins.
- Starfsfólk þekkir hugmyndafræði og gildi leikskólans og getur bent á leiðir til að framfylgja þeim.
- Foreldrar þekkja einkunnarorð og hugmyndafræði leikskólans.
- Leikskólastjóri fundar reglulega með Fræðslu- og tómstundanefnd, sviðsstjóra fjölskyldusviðs og leikskólastjórum Árborgar.
- Stjórnunarteymi er starfandi í leikskólanum og deildarstjórar sjá um að skipuleggja deildarstarfið.
- Gerð hefur verið leiðbeinandi starfsmannahandbók og móttökuáætlun fyrir nýtt starfsfólk.
- Starfsþróunarsamtöl eru árlega og einnig korters örsamtöl.
- Leikskólinn er með móttökuáætlun fyrir ný börn, áætlun um upphaf grunnskólagöngu, læsisstefnu og jafnréttis- og eineltisáætlun, verklagsreglur um viðbrögð við slysum, öryggishandbók og öryggis- og rýmingaráætlun.
- Skóladagatal er á heimasíðu.
- Sveitarfélagið styður starfsfólk til náms í leikskólafræðum.
- Símenntunaráætlun er unnin út frá þörfum leikskólans með áherslu á fræðslu fyrir allan starfshópinn.
- Starfsfólk hefur metnað fyrir hönd leikskólans, trú á gæðum leikskólastarfsins og er stolt af starfi sínu.
- Leikskólinn er með samning við Skólapúlsinn um foreldra- og starfsmannakannanir.
- Námsumhverfið er vel skipulagt, fjölbreytt og hvetjandi, vekur áhuga barnanna og áherslur leikskólans endurspeglast í starfi með börnunum. Nýting á fjölnota sal er góð, salurinn vel skipulagður og umgengni góð. Efniviður og kennslugögn í listasmiðjum eru fjölbreytt, vel skipulögð, umgengni góð og aðgengileg starfsmönnum.
- Samskipti starfsmanna og viðmót við börnin einkennast af virðingu, jákvæðni og hvatningu.
- Frjáls leikur fær góðan samfelldan tíma þar sem börnin hafa val um leikefni og leiksvæði. Börnin eru glöð og áhugasöm og finnst gaman í leikskólanum.

- Verkefni tengd félagsfærni endurspeglast í starfinu.
- Námsumhverfi styður við máltöku og málþroska barna, bækur og ritmál eru í hæð barna.
- Allt skipulag í kringum matmálstíma er til fyrirmyndar.
- Leikefni til hreyfileikja í sal eru fjölbreytt, viðfangsefni sem starfsfólk leiðir eru krefjandi og vekja áhuga barnanna.
- Námsvið aðalnámskrár leikskóla birtast í áhugaverðum og krefjandi viðfangsefnum á Regnbogadegi.
- Börnin taka þátt í að meta samskipti sín og líðan með broskallamati og niðurstöður nýttar í umbótaáætlun.
- Foreldrar eru jákvæðir í ummælum sínum um leikskólann og vel er staðið að upplýsingamiðlun til þeirra.
- Foreldrar þekkja einkunnarorð, hugmyndafræði og áherslur leikskólans.
- Foreldrum gefst tækifæri á að fylgjast með námi barna sinna.
- Foreldraráð og foreldrafélag er starfandi við leikskólann sem styðja við og eru virkir þátttakendur í leikskólastarfinu.
- Formlegt samstarf er milli leik- og grunnskóla og starfandi er faghópur hjá sveitarfélaginu er nefndist Brúum bilið.
- Samstarf er við Fjölbrotaskóla Suðurlands þar sem nemendur fá starfskynningu í leikskólanum.
- Sérkennslustjóri er starfandi við leikskólann, hann ber ábyrgð á sérkennslu, sér um gerð einstaklingsnámskráa, leiðbeinir starfsmönnum og er tengiliður við sérfræðinga á fjölskyldusviði Árborgar.
- Verkferill er til ef grunur vaknar um þroskafrávik hjá barni.
- Myndað er teymi um sérkennslubörn, teymisfundir haldnir reglulega og einstaklingsnámskrá er unnin í samráði við stuðningsaðila og lesnar yfir af foreldrum.
- Gott samstarf er við þverfaglegan hóp sérfræðinga á fjölskyldusviði Árborgar sem fundar reglulega með deildarstjórum og sérkennsluráðgjafa í leikskólanum.
- Til er móttökuáætlun fyrir foreldra og börn með annað móðurmál en íslensku og ráðgjafi hjá sveitarfélaginu sinnir hlutverki tengiliðs við þennan hóp.
- Boðið er upp á tulkþjónustu fyrir foreldra sem þess þarfnast.
- Í leikskólanum er til matsáætlun fyrir skólaárið og matsáætlun til fleiri ára.
- Ábyrgð á áherslum og forgangsröðun fyrir innra mat er í höndum aðstoðarleikskólastjóra sem leitar eftir hugmyndum deildarstjóra og starfsfólks.
- Innra mat er unnið á deildarfundum, skipulagsdögum og deildarstjórar ígrunda starf sitt í undirbúningstímum. Nýttar eru niðurstöður úr foreldra- og starfsmannakönnunum og broskarlakönnunum barna.
- Niðurstöður úr innra mati eru birtar á heimasíðu

Tækifæri til umbóta

- Leita þarf leiða til að fjölga kennaramenntuðum starfsmönnum svo leikskólinn uppfylli ákvæði laga nr. 95/2019 hvað varðar að lágmarki 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla teljist til stöðugilda kennara.
- Gera ætti mat og endurbætur á útileiksvæðinu, skoða ástand leiktækja og nýtingu annarra tækifæra svo sem útielldhús og ræktunarkassa.
- Endurskoða þarf skólanámskrá í samræmi við aðalnámskrá leikskóla frá 2011 með aðkomu allra aðila leikskólasamfélagsins.
- Gera þar skriflega verkaskiptingu milli stjórnenda með tilliti til ábyrgðarluta hvors fyrir sig og skýra samráðsferli þeirra.
- Æskilegt væri að skilgreina hlutverk stjórnenda og deildarstjóra gagnvart einstökum verk-efnum.
- Við gerð næstu starfsáætlunar (starfsskýrslu) þarf að fylgja áherslum um innihald starfsáætlunar í aðalnámskrá leikskóla frá 2011 og tryggja aðkomu allra aðila leikskólasamfélagsins.
- Nauðsynlegt er að skoða meint einelti og/eða áreiti sem fram kemur í Maskínukönnun frá hausti 2021.
- Gera þarf mat á því hversu mikið samræmi er milli þess sem skrifað er í gögnum leikskólans og þess sem gert er á gólfinu með börnunum.
- Æskilegt er að uppfæra starfsmannahandbók.
- Gera ætti skýrari ramma í kring um undirbúningstíma deildarstjóra, skrá þau verkefni sem unnin eru í þessum tímum og hversu mikill hluti hans fer í vettvangsathuganir á deildum og úrvinnslu þeirra.
- Nýta ætti betur mannauð leikskólans til að byggja upp virkt lærdómssamfélag.
- Leita ætti leiða til að auka samstarf milli deilda í samræmi við áherslur leikskólans.
- Æskilegt er að endurmeta og yfirfara leikefni leikskólans í samræmi við *Leikefnisstefnu Hulduheima*.
- Nauðsynlegt er að taka til umræðu, ákveða og samræma áherslur leikskólans um málörvun, þar með talið vinnu með *Lubbi finnur málbein*.
- Auka ætti aðgengi barna að fjölbreyttu skapandi starfi í listaskálum, endurskipuleggja nýtingu rýmisins og styrkja á þann hátt frumkvæði þeirra og sköpunargleði.
- Leita ætti leiða til að gera tónlist og vísindi meira sýnileg í starfi leikskólans.
- Skoða ætti óskir starfsfólks um fræðslu og leiðbeiningar frá fagfólki á starfsaðferðum leikskólans.
- Taka ætti upp uppeldislegar skráningar á námi og framförum allra barna.
- Skoða ætti leiðir til að börn geti metið nám sitt og sett sér markmið.
- Skoða ætti hvort auka mætti fjölbeytni á útisvæði leikskólans með því til dæmis að endurnýja útielldhús og ræktunarkassa.
- Gera ætti könnun á áhuga og þekkingu/færni starfsmanna í þeim tilgangi að nýta styrkleika þeirra í daglegu starfi.
- Áherslur leikskólans um foreldrasamstarf þurfa að liggja fyrir og vera sýnilegar á heimasíðu leikskólans.

- Æskilegt væri að leikskólinn hefði bækling eða upplýsingar á heimasíðu fyrir foreldra um upphaf leikskólagöngu.
- Foreldraráð þarf að vinna starfsáætlun og birta á heimasíðu leikskólans ásamt fundargerðum ráðsins.
- Rýna ætti þá þætti þar sem leikskólinn er undir meðaltali á landsvísu í foreldrakönnun og leita leiða til úrbóta.
- Skoða ætti ábendingar foreldra um tölvupósta frá leikskólanum og samræmingu upplýsinga milli leikskóla sveitarfélagsins.
- Æskilegt er að taka upp samræðu milli deildarstjóra og sérkennslustjóra um snemmtæka íhlutun og framkvæmd sérkennslu á deildum.
- Sjá ætti til þess að foreldrar taki þátt í gerð einstaklingsnámskrár fyrir sitt barn.
- Gott væri að hafa þátttökuáætlun og kynningarbækling fyrir foreldra á fleiri tungumálum en íslensku.
- Æskilegt væri að hafa almennar upplýsingar á heimasíðu á fleiri tungumálum en íslensku.
- Tilgreina ætti ábyrgðaraðila fyrir hverjum matsþætti og hvernig gagna á að afla.
- Stofna matsteymi í leikskólanum.
- Meta stefnu leikskólans og markmið markvisst og reglubundið og skilgreina viðmið um gæði og árangur.
- Huga að aðkomu foreldraráðs í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati.
- Efla mat og ígrundun starfsfólks á eigin starfsháttum í daglegu starfi.
- Birta greinargerðir um innra matið á heimasíðu leikskólans þar sem fram koma upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður og greining á styrkleikum og tækifærum til umbóta.

Lokaorð

Ytra mat með vettvangsathugunum, viðtölum og greiningu gagna í Leikskólanum Hulduheimum leiðir í ljós að þar fer fram gott leikskólastarf í mjög vel skipulögðum leikskóla sem er vel búin náms- og kennslugögnum. Hugmyndafræði og einkunnarorð leikskólans birtast vel í starfinu. Stjórnendur skipta með sér verkum en verkaskipting er ekki skráð. Þeir leiða faglegt starf, leggja áherslu á góðan aðbúnað og leitast við að viðhalda gleði og góðum starfsanda. Gott skipulag er í leikskólanum en of mikils munar gættir í nokkrum þáttum dagskipulagsins á deildum og milli þess sem stendur í skrifuðum gögnum skólans og þess sem fram fer á gólfinu með börnunum. Starfsandi er góður og virðing ríkir almennt í starfsmannahópnum. Umhyggja og virðing einkennir samskipti starfsfólks við börnin. Vel er haldið utan um stuðning og sérkennslu barna í leikskólanum. Mat á þroska og framförum barnanna mætti vera markvissara. Börnunum líður vel og meirihluti foreldra er ánægður með leikskólann og samskipti við stjórnendur og starfsfólk. Þeir eru einnig ánægðir með upplýsingagjöf frá leikskólanum. Endurskoða þarf skólanámskrá með aðkomu allra sem málið varðar í leikskólanum og við gerð hennar og starfsáætlunar þarf að fylgja reglum aðalnámskrár leikskóla. Vel er unnið með flest námssvið leikskólans en mætti gera meira úr tónlist, útinámi og vísindum. Nokkuð vel er staðið að innra mati en gera má það kerfisbundnara og meta betur grunnstoðir starfsins með því að stofna matsteymi.

Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla 2011. Sótt á vef 10. apríl 2022.

Slóðin er: <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing/efni/namskrar/adalnamskra-leikskola/>.

Leikskóladagatal. Sótt á vef 10. apríl 2022.

Slóðin er: <https://hulduheimar.arborg.is/skolastarfid/skoladagatal/>

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Lög um menntun og ráðningu kennara og skólustjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 95/2019.

Starfsskýrsla. Sótt á vef 10. apríl 2022.

Slóðin er: <https://hulduheimar.arborg.is/skolastarfid/starfsskyrsla/>

Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009

Heimasíða Árborgar. Sótt á vef 14. apríl 2022.

Slóðin er: <https://hulduheimar.arborg.is/skolastarfid/skoladagatal/>

Fiskur fyrir lífið. Lundin, Harry Paul, John Christensen. Forlagið 2011.

ART. Research Press – publishers og ART-teymi Suðurlands. Sótt á vef 23. apríl 2022.

Slóðin er <https://aggressionreplacementtraining.com> og <https://www.isart.is>

Skólanámskrá Hulduheima. Sótt á vef 10. apríl 2022.

Slóðin er: <https://hulduheimar.arborg.is/skolastarfid/skolanamskra/>

Vinátta forvarnaverkefni Barnaheilla (Blær). Sótt á vef 20. apríl 2022.

Slóðin er: <https://www.barnaheill.is/is/forvarnir/vinatta/um-vinattu>

Könnunaraðferðin (The Project Approach). Sótt á vef 18. apríl 2022.

Slóðin er: <https://www.projectapproach.org>

Könnunarleikur. Heuristic play with objects. Sótt á vef 18. apríl 2022.

Slóðin er: <https://www.geteduca.com/blog/heuristic-play/>

Viðtöl:

Símtal við sviðsstjóra fjölskyldusviðs.

Viðtal við aðstoðarleikskólustjóra.

Viðtal við leikskólustjóra.

Viðtal við rýnihóp barna.

Viðtal við rýnihóp deildarstjóra.

Viðtal við rýnihóp foreldra.

Viðtal við rýnihóp starfsmanna.

Viðtal við sérkennslustjóra.

